

Embætti
landlæknis
Directorate of Health

Ársskýrsla 2018

Ársskýrsla Embættis landlæknis 2018

ISSN 1670-746X

Útgefandi:

Embætti landlæknis
Rauðarástíg 10
105 Reykjavík
© 2019 Embætti landlæknis

Ábyrgðarmaður:

Alma D. Möller

Ritstjóri:

Hrafnhildur Brynja Stefánsdóttir

Útlit: Auglýsingastofa Þórhildar

Umbrot: Embætti landlæknis

Myndir: Embætti landlæknis, Vilhelm Gunnarsson, ljósmyndari,
UMFI, Reykjavíkurborg og Shutterstock

Ársskýrsla Embættis landlæknis 2018 er gefin út rafrænt.

Heimilt er að afrita og nota efni hennar, sé heimildar getið.

Aðfararorð landlæknis.....	2
Um Embætti landlæknis.....	3
Eftirlit og gæði.....	8
Sóttvarnir.....	14
Heilbrigðisupplýsingar.....	16
Miðstöð rafrænnar sjúkraskrár.....	19
Áhrifaþættir heilbrigðis.....	21
Brot úr fréttum ársins 2018.....	27
Alþjóðlegt samstarf.....	29
Fjárhagur	32
Útgefið efni árið 2018.....	34



Starfsemi Embættis landlæknis gekk vel árið 2018 og var unnið samkvæmt starfsáætlun að fjölmörgum verkefnum eins og rakið verður hér á eftir. Sem fyrr ber að þakka góðan árangur ötulu starfi og sérþekkingu starfsfólks, sem og fjölmargra samstarfsaðila. Talsverðar mannbreytingar urðu árið 2018 en nokkrir starfsmenn létu af störfum vegna aldurs, meðal annarra Birgir Jakobsson landlæknir og eru þeim öllum þökkúð vel unnin störf. Undirrituð tók við starfi landlæknis þann 1. apríl og vill hér með þakka fyrir sérstaklega góðar móttökur, innan og utan embættisins.

Ljóst er að heilbrigðiskerfi okkar og sambærilegra þjóða standa frammi fyrir miklum áskorunum. Eftirspurn eftir þjónustu fer vaxandi, mönnun reynist erfið og meðferð verður sífellt flóknari. Þá eru ótaldir þær ógnir sem stafa af sýklalyfjaónæmi og loftslagsbreytingum. Ljóst er að bregðast þarf við með víðtækum hætti. Mikilvægt er að hafa stefnu um heilbrigðisþjónustu og er það fagnaðarefni að Alþingi samþykkti nýverið Heilbrigðisstefnu til ársins 2030 sem unnin var undir forystu heilbrigðisráðherra. Nýta þarf heilbrigðiskerfið á skynsamlegan hátt og útrýma hvers kyns sóun, t.d. of- eða vanlækningum og því að sjúklingar séu ekki meðhöndlaðir á réttu þjónustustigi. Leggjast þarf á árar til að efla mönnun til bæði skemmri og lengri tíma. Þá þarf að huga að hvers kyns nýsköpun, m.a. á sviði fjarheilbrigðisþjónustu auk þess sem fleira mætti telja. En langbesta leiðin, til lengri tíma litið, er að efla lýðheilsu og minnka þannig þörfina fyrir heilbrigðisþjónustu. Embættið vinnur með sveitarfélögum ásamt fleiri samstarfsaðilum að eflingu lýðheilsu með svokölluðu Heilsueflandi samfélagi. Þá hefur embættið einsett sér að vinna að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna hvenær sem því verður við komið.

Mikilvægt er að leggja áherslu á að efla gæða-, öryggis- og umbótastarf í heilbrigðisþjónustu. Það er ekki einungis siðferðilega rétt heldur sýna rannsóknir að slíkt er beinlínis fjárhagslega hagkvæmt. Embættið lagði fram *Áætlun um gæðabróun í heilbrigðisþjónustu 2019–2030* sem staðfest er af heilbrigðisráðherra. Áætlunin byggir á fjórum meginstöðum, það er að heilbrigðisstofnanir og -fyrirtæki vinni að stöðugum umbótum, að gæðavísar séu mun meira notaðir, að skráning og úrvinnsla atvika sé markviss og að gerðar verði reglulegar þjónustukannanir til að kanna hug notenda. Áætlunin verður kynnt frekar á árinu 2019 og reiknað er með að stofnanir og fyrirtæki skili árlegu gæðauppgjöri frá og með árinu 2020.

Starfsfólk Embættis landlæknis mun leitast við að hafa gildi embættisins að leiðarljósi í öllum störfum. Við sýnum ábyrgð með því að leysa verkefni sem okkur eru falin af metnaði og fagmennsku og bendum á það sem betur má fara. Öllum þeim sem til okkar leita er sýnd virðing og við sýnum tillitssemi, góðvild og sanngirni. Við ávinnum okkur traust með því að veita áreiðanlega þjónustu og gæta jafnræðis í hvívetna.

Það er von mín og ósk að Embætti landlæknis haldi áfram að stuðla að góðri og öruggri heilbrigðisþjónustu, heilsueflingu og forvörnum á Íslandi.

Alma D. Möller landlæknir

UM EMBÆTTI LANDLÆKNIS

Hlutverk og innra starf

Hlutverk Embættis landlæknis (EL) er margþætt samkvæmt lögum en í stuttu máli má segja að það sé:

Að stuðla að bættri heilsu almennings í landinu.

Þetta er gert með því að:


1. *Gera kröfur til og hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu.*
2. *Veita ráðgjöf um og stuðla að heilsueflandi lífni.*
3. *Efla forvarnir á sviði smitsjúkdóma og áhættuþátta sem eru skaðlegir heilsu fólks.*
4. *Veita stjórnvöldum ráðgjöf við stefnumörkun í heilbrigðismálum.*

Árlega er lögð fram starfsáætlun sem er vegvísir embættisins. Verkefnum er forgangsraðað út frá fjórum aðaláherslum:

- Stuðla að auknu öryggi og umbótum í heilbrigðiskerfinu.
- Hvetja til og styðja við heilsueflingu.
- Vöktun og viðbrögð sóttvarna.
- Markvisst innra starf í samræmi við aðaláherslur EL.

Embættið vinnur að þessum verkefnum í góðu samstarfi við fjölda aðila.

Embættið gekkst fyrir fjölda málþinga og viðburða á árinu og ennfremur eru starfsmenn EL virkir þátttakendur í samfélagsmæðu er varðar málefni tengd heilbrigðisþjónustu, forvarnir og heilsueflingu.



Innra starf

Áfram var unnið að innleiðingu straumlínustjórnunar og haldnar voru fjölmargar vinnustofur sviða þar sem unnið var að því að einfalda verklag til að gera starfsemi og afgreiðslu erinda eins skilvirka og mögulegt er. Ákveðin skref voru stigin í þá átt að auka rafræna stjórnáætlun og verður þeirri vinnu fram haldið á árinu 2019. Markviss vinna með straumlínustjórnun og rafræna ferla er ekki síst mikilvæg í ljósi þess hve verkefnum, m.a. á sviði starfsleyfa og kvartana, hefur fjölgað.

Þann 15. júlí 2018 tóku gildi ný lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Lögin byggja á og innleiða almenna persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins, GDPR.

Hjá Embætti landlæknis hefur verið lögð rík áhersla á örugga meðferð persónuupplýsinga og því var hafist handa við að bregðast við væntanlegri löggjöf þegar á árinu 2017. Starfsmenn embættisins sátu í stýrihópi sem leiddur var af lögfræðingi með sérþekkingu á persónuverndarlöggjöfinni. Auk þess naut embættið ráðgjafar frá lögmanni utan embættisins. Leitað var til starfsmanna hvers sviðs til að fá yfirsýn yfir vinnslu persónuupplýsinga Embætti landlæknis.

Brugðist hefur verið við með því að kortleggja allar vinnslur persónuupplýsinga, skrá í vinnsluskrá, uppfæra verklagsreglur embættisins eða semja nýjar þar sem þess var þörf. Ítarlegri upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga hjá embættinu voru gerðar aðgengilegar á vefnum landlaeknir.is. Þá hófst vinna við frumvarp að breytingum á heilbrigðislöggjöfinni í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið með það að markmiði að skýra enn frekar heimildir Embættis landlæknis til vinnslu persónuupplýsinga.

Lokið var við ráðningu persónuverndarfulltrúa sem tók til starfa í júlí. Persónuverndarstefna embættisins var gefin út fyrir gildistöku laganna þann 15. júlí. Persónuverndarfulltrúa er ætlað að veita starfsmönnum ráðgjöf varðandi persónuverndarmál, svara fyrirspurnum almennings og hafa eftirlit með því að embættið uppfylli skyldur sínar samkvæmt persónuverndarlögum.

Vinna við að bregðast við nýjum eða breyttum kröfum vegna nýrra Persónuverndarlaga mun halda áfram á árinu 2019.

Þann 1. mars 2018 gekk í gildi nýtt skipulag varðandi verkefni rafrænnar sjúkraskrár hjá Embætti landlæknis. Verkefnið var fært frá heilbrigðisupplýsingasviði beint undir landlækni. Ennfremur skipaði velferðarráðuneytið, að beiðni landlæknis, stýrinfund rafrænnar sjúkraskrár samkvæmt tilnefningum frá aðilum í heilbrigðisþjónustu og veittir voru sérstakir fjármunir til að efla þessa starfsemi.

Loks skal nefna að þann 1. apríl 2018 tók nýr landlæknir, Alma Dagbjört Möller, til starfa. Alma varð þannig fyrsta konan til að gegna embættinu í 258 ára sögu þess, en fyrsti landlæknirinn var skipaður hér á landi árið 1760.

UM EMBÆTTI LANDLÆKNIS

Ytra starf

Mikil áhersla var lögð á geðheilbrigðismál á árinu. Starfs-
hópur á vegum embættisins skilaði í maí [tillögum að
aðgerðaáætlun](#) til að fækka sjálfsvígum og var embættinu
í kjölfarið falið að fylgja þeim aðgerðum eftir. Skömmu
áður kom út [skýrsla um stöðugreiningu og framtíðarsýn í
geðheilbrigðismálum barna og ungmenna á Íslandi](#) sem
unnin var út frá niðurstöðum íslenskrar vinnustofu um
geðheilbrigðismál barna og ungmenna. Vinnustofan var
haldin í tengslum við evrópskt samstarfsverkefni, *EU
Compass for Action on Mental Health and Well-Being*.
Í september var haldið málþing í tilefni af útgáfu nýrrar
[skýrslu](#) um sjálfsvígshugsanir og sjálfsvígstílaunir ungs
fólks á Íslandi þar sem farið er yfir þróun mála frá árinu
2000. Áfram verður unnið ötullega að þessum málaflökki.

Embættið annast eftirlit með heilbrigðisstofnunum og
gerir vegna þess reglulegar úttektir. Meðal annars var á
árinu framkvæmd úttekt á bráðamóttöku Landspítala eftir
að embættinu barst ábending um alvarlega stöðu sem þar
hafði skapast. Embættið brást við með því að hefja sam-
dægurs úttekt á stöðu mála, með heimsóknum, rýni á
gögnum og viðtölum við starfsfólk og stjórnendur. Þann
17. desember var lagt fram [álit landlæknis](#) varðandi
stöðuna. Þá réðst embættið í úttekt á Heilsugæslu höfuð-
borgarsvæðisins sem er viðamesta úttekt sem embættið
hefur gert.

Í lok árs var undirrituð [áætlun um gæðapróun í heil-
brigðisþjónustu til ársins 2030](#). Þetta er fyrsta áætlunin
þessa efnis sem gerð er á grundvelli laga um landlækni og
lýðheilsu nr. 41/2007. Er henni ætlað að efla gæði og
öryggi heilbrigðisþjónustunnar og stuðla að framþróun
hennar. Kynning og innleiðing áætlunarinnar hefst árið
2019.



Alma D. Möller, landlæknir og Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðis-
ráðherra undirrita áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu.

Lyfjateymi embættisins er ætlað að stuðla að skynsam-
legri notkun lyfja og birtir reglulega tölur um lyfjanotkun
landsmanna. Embættið tók á árinu þátt í endurskoðun
nýrrar reglugerðar um lyfjaávisanir og afhendingu lyfja
sem tók gildi um mitt ár 2018. Þá var einnig lögð vinna í
endurskoðun reglugerðar um skömmtun lyfja auk þess
sem embættið kom að vinnu við skýrslu velferðar-
ráðuneytisins um aðgerðir til að sporna við óhóflegri
notkun ávanabindandi lyfja á Íslandi. Á árinu 2018
drógust ávisanir tauga- og geðlyfja saman um 1,6%
miðað við árið 2017. Í einstökum lyfjaflokkum má nefna
að ávisanir ýmissa örvandi lyfja og ópíóíða drógust veru-
lega saman á árinu.

Á sviði sóttvarna er unnið markvisst að því að tryggja
aðgang að áreiðanlegum upplýsingum og miðlun þeirra.
Á árinu var lokið við verkefni um sjálfvirknan og rafrænan
flutning upplýsinga frá rannsóknarstofum sýkla- og veiru-
fræðideilda LSH til sóttvarnalæknis. Með bættum
gagnagrunnum má bæta upplýsingamiðlun til
almenningis, heilbrigðisstarfsmanna og heilbrigðis-

yfirvalda. Einnig verður upplýsingagiöf til erlendra sam-
starfsaðila eins og Sóttvarnastofnunar Evrópu (ECDC) og
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) auðveldari.
Uppbygging gagnagrunna verður áfram forgangsverkefni
há sóttvarnalækni á árinu 2019.

[Lýðheilsuvísar](#) komu út í þriðja sinn, en þeir eru safn
mælikvarða sem gefa vísendingar um heilsu og líðan
þjóðarinnar. Athyglinni er sérstaklega beint að þeim
áhrifabáttum heilsu og líðanar sem fela í sér tækifæri til
heilsueflingar og forvarna. Þeir eru settir fram til að veita
yfirsýn og auðvelda sveitarfélögum og þeim sem sinna
heilbrigðisþjónustu að greina stöðu heilbrigðisum-
dæmanna.

Ákveðnir lýðheilsuvísar eru nú í fyrsta sinn birtir með
gagnvirkum og myndrænum hætti. Þessi birting er fyrsti
áfangi [Mælaborðs lýðheilsu](#). Til þess að styðja
lýðheilsustarf um allt land, þar með talið starf Heilsu-
eflandi samfélags og Heilsueflandi leik-, grunn- og
framhaldsskóla, eru allir vísarnir reiknaðir niður á heil-
brigðisumdæmi og níu stærstu sveitarfélögin

Framkvæmdaskýrsla rannsóknarinnar [Heilsa og líðan
Íslendinga](#) var gefin út í október en rannsóknin var lögð
fyrir í fjórða sinn árið 2017. Rúmlega sex þúsund
Íslendingar samþykktu árið 2012 áframhaldandi þátttöku
í rannsókninni sem fyrst var framkvæmd árið 2007.
Niðurstöður rannsóknarinnar hafa nýst Embætti land-
læknis, stjórnvöldum, háskólasamfélaginu og öðrum
þeim sem koma að mikilvægum ákvörðunum er varða
heilsu og velferð landsmanna.

Embættið veitir sveitarfélögum og skólum landsins
stuðning við heilsueflingu og forvarnir. Öll sveitarfélög á
landinu geta sótt um að gerast Heilsueflandi samfélag,

UM EMBÆTTI LANDLÆKNIS

en í lok árs 2018 höfðu 23 sveitarfélög, sem ná til 84% landsmanna, skrifað undir samstarfssamning við Embætti landlæknis um að gerast Heilsuefandi samfélag og fjölgaði þeim um 8 á árinu. Á árinu var meðal annars unnið að því að auka vitund um heimsmarkmiðin og innleiða þau í starf Heilsuefandi samfélags (HSAM). Liður í því var m.a. að þýða mynd Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, *Heilsa og vellíðan með heimsmarkmiðunum*, sem sýnir hvernig þriðja heimsmarkmiðið, sem kveður á um heilbriggt líf og vellíðan frá vöggju til grafar, er samofið hinum sextán markmiðunum.

Kynningarstarf vegna breyttra laga um líffæragjafir stóð yfir síðustu vikur ársins. Lögin sem tóku gildi þann 1. janúar 2019, hafa í för með sér að við verðum öll sjálfkrafa líffæragjafar ef skilmerki heiladauda eru til staðar. Embætti landlæknis hafði umsjón með kynningu og upplýsingamiðlun varðandi lagabreytinguna undir yfirskriftinni og merkinu [Líffæragjöf - Við gefum líf](#). Við kynninguna voru meðal annars heimsóttar heilbrigðisstofnanir í öllum heilbrigðisumdæmum auk Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri.

Mannauður

Leiðarljós Embættis landlæknis er að þar starfi hæft og ánægt starfsfólk sem er í stakk búið til að ná árangri í mörgum og fjölbreyttum verkefnum. Í árslok 2018 störfuðu 65 starfsmenn hjá embættinu í 59,9 stöðugildum. Þar af var 51 starfsmaður í fullu starfi, 9 starfsmenn voru í 60–90% starfi, 4 starfsmenn í 50% starfi og 2 starfsmenn í tímavinnu. Samtals fjölgaði í starfsliðinu um 7 starfsmenn og 6 stöðugildi frá árinu á undan.

Þessa fjölgun má rekja til starfsmanna í tímabundum verkefnum, auk þess sem nokkrir starfsmenn hófu töku eftirlauna á árinu og störfuðu um tíma samhliða nýjum



Myndin er tekin í ferð starfsmannafélagsins SEL í Landmannalaugar.

starfsmönnum. Auk fastra starfsmanna komu verktakar að ýmsum verkefnum embættisins.

Meðalaldur starfsmanna er 51 ár, þeir yngstu eru 34 ára og sá elsti er 73 ára. Talsverður kynjahalli er hjá embættinu því 80% starfsmanna eru konur og hefur þeim hlutfallslega fjölgað í hópnum. Starfsmenn embættisins eru í 13 mismunandi stéttarfélagum þar sem Fræðagarður er stærsta stéttarfélagið með 11 félagsmenn, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga með 10 félagsmenn, SFR með 8 félagsmenn, Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins með 8 félagsmenn og Læknafélag Íslands með 7 félagsmenn. Önnur stéttarfélög hafa færri starfsmenn.


Mannauður í menntun er mikill. Samtals 88% starfsmanna eru með háskólapróf, þar af er 21% þeirra með doktorsgráðu og 55% starfsmanna eru með meistargráðu.

Símenntun


Mikil áhersla er lögð á endur- og símenntun starfsmanna og í mannauðsstefnu embættisins er kveðið á um að starfsfólk þrói áfram faglega hæfni sína og getu til að takast á við dagleg og síbreytileg verkefni með reglulegri símenntun og fræðslu í samráði við næsta yfirmann. Í stofnanasamningum embættisins og stéttarféлага starfsmanna eru ákvæði um markvissa símenntun. Miðað er við að 0,4% af áætluðum launum og launatengdum gjöldum, að frádrögnum lífeyrisskuldbindingum, fari í símenntunarsjóð starfsmanna. Á árinu 2018 var úthlutað úr sjóðnum um 1,8 milljónum til 19 starfsmanna. Heildargreiðslur til starfsmanna embættisins vegna endurmenntunar námu 3,3 milljónum. Á árinu voru auk þess haldnar mánaðarlegar málstofur um hin ýmsu efni, starfsmönnum til fróðleiks og ánægju.

UM EMBÆTTI LANDLÆKNIS

Kyn notenda



Meðalfjöldi heimsóknna á vefinn á mánuði 2015-2018



Fjöldi notenda og skipting eftir aldri og kyni

Aldur	Samtals	Konur (%)	Karlar (%)
	148.838		
18-24	20.465	76	24
25-34	48.736	67	33
35-44	24.414	65	35
45-54	20.556	67	33
55-64	18.837	72	28
65+	15.830	70	30

Vefurinn

Í starfsáætlun var áhersla lögð á endurskoðun vefstefnu EL með sérstakri áherslu á aukna nýtingu samfélagsmiðla. Embættið notar samfélagsmiðla til að miðla upplýsingum um viðburði og athyglisvert efni sem tengist starfseminni. Vef- og samfélagsmiðlastefna embættisins er aðgengileg [á vefnum](#).

Vefurinn [landlaeknir.is](#) er starfræktur til að miðla upplýsingum, leiðbeiningum og ráðleggingum til almennings og fagfólks. Vefurinn fylgir aðgengisstefnu fyrir opinbera vefi til að tryggja aðgengi meðal annars fyrir blinda, sjónskerta og aðra sem þurfa að nota hjálpartæki við lesur efnis og notkun vefja almennt.

Notendaprófun var framkvæmd á árinu þar sem blandaður hópur leysti ákveðin verkefni varðandi vefinn. Niðurstöður leiddu í ljós að ágætlega gekk að leysa helstu aðgerðir og leitin á vefnum nýttist mjög vel. Er það afar mikilvægt fyrir svo stóran og efnismikinn vef.

Notendur voru almennt ánægðir með vefinn, finnst hann aðgengilegur og þægilegur en bæta mætti rafræna stjórnslu hjá embættinu.

Þess má geta að þróun rafrænnar stjórnslu stendur yfir á árinu 2019.

Notkun vefsins landlaeknir.is jókst lítillega á árinu og voru að meðaltali 18.392 notendur sem heimsóttu vefinn 34.240 sinnum í hverjum mánuði. Síðuflettingum fjölgaði um rúm 5% milli ára en þær voru að meðaltali 79.842 á mánuði samanborið við 75.524 árið á undan. Þegar skoðaður er aldur og kyn notenda kemur í ljós að flestir notendur eru á aldrinum 25-34 ára eða 31%. Konur eru í miklum meirihluta eða 69%.

Vefurinn hefur að geyma afar fjölbreytt efni. Efni sem flokkast beint undir embættið er mest lesið, þ.e. upplýsingar um starfsfólk, afgreiðslu og skipulag, eyðublöð o.fl., en einnig er mikið lesið og sótt efni sem

tilheyrir málaflokknum *Smit og sóttvarnir*, eða í rúmlega 20% heimsóknna á vefinn. Þar á eftir fylgir flokkurinn *Gæði og eftirlit* með rúmlega 17% heimsóknna á vefinn.

Undirvefir og tengd vefsvæði

Embætti landlæknis rekur nokkra undirvefi og vefsvæði, s.s. [influensa.is](#), [tobakslaus bekkur](#), [skafli.is](#), [gagnaskil.is](#), [hreyfitorg.is](#) og [sykurmagn.is](#).

Á vefnum [donor.landlaeknir.is](#) var til 31. desember 2018 hægt að skrá afstöðu til líffæragjafar en þá tók [heilsuvera.is](#) alfarið við því hlutverki með tilkomu nýrrar löggjafar um ætlað samþykki.

Auk ofangreindra vefja og vefsvæða eru starfsræktar síður á Facebook um einstök verkefni hjá embættinu, s.s. Heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskóla, Heilsueflandi samfélag og Ráðleggingar um mataræði auk síðu um bólusetningar og önnur viðfangsefni sóttvarna.

Aðaláherslur 2017–2018

Úr Starfsáætlun Embættis landlæknis 2017-2018

Stuðla að auknu öryggi og umbótum í heilbrigðiskerfinu	Hvetja og styðja við heilsueflingu	Vöktun og viðbrögð sóttvarna	Markvisst innra starf í samræmi við aðaláherslur EL
Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun
<ul style="list-style-type: none"> Efla og auka eftirlit með heilbrigðisþjónustu Ráðgjöf til stjórnvalda og þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu Halda áfram þróun og innleiðingu samtengdrar rafrænnar sjúkraskrár og Heilsuveru Stuðla að skynsamlegri notkun lyfja 	<ul style="list-style-type: none"> Styðja sveitarfélög, skóla og heilsugæslu í heilsueflandi starfi Leggja áherslu á heildstætt mat á heilsueflandi starfi Miðla upplýsingum um aðgerðir sem byggja á bestu þekkingu og reynslu Nýta svæðisbundna lýðheilsuvísu 	<ul style="list-style-type: none"> Tryggja aðgang að áreiðanlegum upplýsingum og miðlun þeirra Virkja heilsugæslu í útfærslu sóttvarna Gerð og innleiðing viðbragðsáætlana og leiðbeininga um sóttvarnir Stuðla að skynsamlegri notkun sýklalyfja 	<ul style="list-style-type: none"> Innleiða straumlínustjórnun Endurspeglu ábyrgð, virðingu og traust í starfi embættisins Skilvirk stýring og nýting fjármuna Auka rafræna stjórnsýslu hjá stofnuninni
Aðgerðir	Aðgerðir	Aðgerðir	Aðgerðir
<ul style="list-style-type: none"> Skilgreina og birta lista yfir gæðavísu og gera kröfur til veitenda heilbrigðisþjónustu um gæðauppgjör Gera heildarmat á RAI-mælitækjum og úttekt á færni- og heilsumati Sjálfstætt starfandi sérfræðilæknar verði hluti af samtengdri rafrænni sjúkraskrá Innleiða Heilsuveru hjá sjálfstætt starfandi sérfræðilæknum og á sjúkrahúsum Meta árangur af framkvæmd þjónustukönnunar og taka afstöðu til innleiðingar Setja fram leiðbeiningar til heilbrigðisstofnana um hvernig unnið skuli að umbótastarfi Móta stefnu og áherslur í lyfjaeftirliti Innleiða samræmda atvikaskráningu fyrir allt landið Setja reglur um biðlista á landsvísu og afla gagna í rauntíma 	<ul style="list-style-type: none"> Prófa lýðheilsumat Leggja fyrir og vinna úr rannsókninni <i>Heilsa og líðan 2017</i> Koma á fót upplýsingaveitu sem inniheldur góð dæmi um heilsueflingu og forvarnir Greina lýðheilsuvísu niður á stærstu sveitarfélögin Undirbúa landskönnun á mataræði Halda heilsueflandi vinnustofur í heilbrigðisumdæmum og námskeið fyrir starfsfólk heilsugæslu um Heilsuveru Ljúka við gátlista fyrir áherslupætti heilsueflandi samfélags og heilsueflandi skóla og gera aðgengilega á www.heilsueflandi.is 	<ul style="list-style-type: none"> Auka rafrænan flutning gagna og bæta gagnavinnslu um tilkynningaskylda og skráningarskylda sjúkdóma Skipuleggja menntun og fræðslu umdæmislækna og menntun heilbrigðisstarfsmanna í sýkingavörnum Forgangsraða innleiðingu viðbragðsáætlana og leiðbeininga um sóttvarnir og almennar bólusetningar Auka þátttöku í almennum bólusetningum Vinna með læknum að bættri notkun sýklalyfja Auka þverfaglega samvinnu um aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi 	<ul style="list-style-type: none"> Innleiða verkfæri, verklag og fræðslu varðandi straumlínustjórnun Móta stefnu og aðgerðir um gæða- og öryggishandbók EL Meta árangur af aðgerðum EL og gera hann sýnilegan Endurskoða vefstefnu EL varðandi samskiptamiðla Miðla starfsleyfaskrá og rekstraraðilaskrá í rauntíma Vinna markvisst með gildi embættisins í daglegu starfi Vakta vinnuálag starfsmanna EL fjórum sinnum á ári Velja lykilverki og birta á vef EL (Mælaborð) Tryggja framtíðarhúsnæði fyrir EL

EFTIRLIT OG GÆÐI

Embætti landlæknis hefur lögum samkvæmt það hlutverk að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmönnum.

Eftirlit og gæði

Ein af fjórum aðaláherslum í Starfsáætlun Embættis landlæknis 2017-2018 er að: „Efla og auka eftirlit með heilbrigðisþjónustu“. Svið eftirlits og gæða ber meginábyrgð á framkvæmd þessa markmiðs í starfsáætluninni með eftirliti sínu á heilbrigðisstofnunum. Eftirlitið tekur til allra heilbrigðisstofnana.

Eftirlitið beinist fyrst og fremst að:

- Er hlutverk starfseminnar og stefnumörkun skýr og sýnileg öllu starfsfólki?
- Er stjórnun stofnunar í samræmi við nútíma-kröfur um góða stjórnun, s.s. straumlínustjórnun (e. *lean management*) eða aðra aðferðafræði?
- Er vinnulag stofnunar varðandi gæði og öryggi í samræmi við nútímaviðhorf um öryggis- menningu, s.s. leiðbeiningar Embættis landlæknis ([Eflum gæði og öryggi í íslenskri heilbrigðisþjónustu 2016](#))
- Er árangur starfseminnar þekktur og vel sýnilegur?
- Hvernig er mönnun?
- Hvernig er húsnæði og starfsaðstaða?

Úttektir

Eftirlit og úttektir taka mið af gildandi starfsáætlun embættisins. Áhersla er lögð á að forgangsraða úttektum eftir áhættu, t.d. ef borist hafa kvartanir eða ábendingar til embættisins eða annað sem embættið telur gefa tilefni til úttektar.

Árið 2018 var gerð úttekt á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, öllum starfseiningum hennar, samtals tuttugu starfsstöðvum, og var þetta viðamesta úttekt sem embættið hefur gert hingað til. Úttektin tók ekki til sjálfstætt rekinna heilsugæslustöðva.

Úttekt var gerð á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Hlutaúttekt var gerð á aðgengi að göngudeildarþjónustu vegna taugasjúkdóma. Í lok ársins var gerð hlutaúttekt á bráðamóttöku Landspítala vegna alvarlegrar stöðu þar.

Eftirfylgni með úttektum er að jafnaði framkvæmd 6–12 mánuðum eftir að úttekt lýkur. Með slíkum úttektum er leitast við að kanna hvort og hvernig brugðist hefur verið við athugasemdum og ábendingum um úrbætur með viðhlítandi hætti. Eftirfylgni með úttektum er mikilvægur þáttur í innra gæðaeftirliti Embættis landlæknis með því að segja til um hvort ábendingarnar hafi verið réttmætar og hafi stuðlað að raunverulegum úrbótum.

Á árinu 2018 var úttektum á heilsugæslu Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, heilsugæslu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og á æðaskurðeild A4 Landspítala fylgt eftir

Skýrslur um úttektir Embættis landlæknis má nálgast á vef embættisins, sjá [Úttektir á heilbrigðisstofnunum](#)

Áætlun um gæðaþróun

Á árinu var unnið að *Áætlun um gæðaþróun til ársins 2030*, sem gerð er á grundvelli laga um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007. Áætlunin var undirrituð af heilbrigðisráðherra og landlækni þann 12. desember 2018 og er henni ætlað að efla gæði og öryggi heilbrigðisþjónustunnar og stuðla að framþróun hennar. Fjórar meginstoðir áætlunarinnar eru: Umbótaferli og stjórnskipulag; gæðavísar; skráning og úrvinnsla atvika og þjónustukannanir. Saman leggja meginstoðirnar grunn að gæðauppjöri þeirra aðila sem veita heilbrigðisþjónustu. Kynning og innleiðing áætlunarinnar hefst árið 2019 – [sjá nánar](#) á vef embættisins.

Óvænt atvik í heilbrigðisþjónustu

Árið 2018 voru samtals rúmlega tíu þúsund óvænt atvik skráð í íslenskri heilbrigðisþjónustu skv. 9. gr. laga um landlækni og lýðheilsu, eða svipaður fjöldi og árið 2017, þó heldur fleiri. Með óvæntu atviki er átt við óhappatílvik, mistök, vanrækslu eða önnur atvik sem valdið hafa sjúklingi tjóni eða hefðu getað valdið sjúklingi tjóni.

Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu er tilgangurinn með skráningu óvæntra atvika sá að finna skýringar á þeim og leita leiða til að tryggja að þau endurtaki sig ekki. Í ljósi þess ítrekar Embætti landlæknis hversu mikilvæg atvikaskráning er og einnig hversu brýnt er að allra leiða sé leitað til að koma í veg fyrir að óvænt atvik eigi sér stað.

Algengustu skráð óvænt atvik á heilbrigðisstofnunum á landinu öllu árið 2018 voru byltur/föll, eða alls 5348 talsins. Önnur algeng skráð atvik tengdust lyfjameðferð, eða samtals 1407 talsins á landsvísu.

EFTIRLIT OG GÆÐI

Tafla nr. 1 sýnir heildarfjölda atvika, annars vegar á öllum heilbrigðisstofnunum nema Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri og hins vegar á þessum tveimur sjúkrahúsum. Samkvæmt þessum tölum voru byltur/föll rúmlega 52% af heildarfjölda skráðra óvæntra atvika árið 2018. Í tölunum kemur einnig fram að atvik tengd lyfjameðferð voru tæplega 14% af heildarfjölda skráðra óvæntra atvika árið 2018. [Sjá nánar](#) á vef embættisins.

Allar heilbrigðisstofnanir (nema LSH og SAK)	5.354
Landspítali (LSH)	4.317
Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK)	588
Samtals	10.259

Alvarleg óvænt atvik í heilbrigðisþjónustu

Samkvæmt 10. gr. laga um landlækni og lýðheilsu ber þeim er veita heilbrigðisþjónustu að tilkynna án tafar til landlæknis um óvænt atvik sem valdið hefur eða hefði getað valdið sjúklingi alvarlegu tjóni eða varanlegum örkuðum. Landlæknir rannsakar öll slík tilkynnt alvarleg atvik með það að markmiði að draga af þeim lærdóm, leita úrbóta og tryggja þannig að slík atvik eigi sér ekki aftur stað. Skráðum alvarlegum óvæntum atvikum hefur fjölgað stöðugt síðastliðin ár og voru þau 45 árið 2018 en voru 29 árið 2017. Athygli er vakin á því að mjög líklega er hér um bættu skráningu á atvikum að ræða vegna vitundarvakningar en ekki raunaukningu á óvæntum alvarlegum atvikum.

Færni- og heilsumat

Embætti landlæknis hefur eftirlit með störfum færni- og heilsumatsnefnda sem starfræktar eru í hverju heilbrigðisumdæmi og hefur einnig yfirumsjón með framkvæmd færni- og heilsumats fyrir hjúkrunarrými og tímabundna hvíldarinnlögn. Umsjónin felst í faglegu eftirliti með störfum færni- og heilsumatsnefndanna en auk þess hefur embættið umsjón með rekstri, viðhaldi og þróun rafrænnar færni- og heilsumatskrár.

Árið 2018 var úthlutað 875 hjúkrunarrýmum á landinu en árið 2017 var 861 hjúkrunarrými úthlutað. Í árslok 2018 voru 395 einstaklingar á biðlistum eftir hjúkrunarrýmum á landinu öllu en ári áður voru 361 á biðlista. Sjá nánar á vef embættisins: [Hjúkrunar- og dvalarrými – tölur](#).

Geðheilbrigði

Á sviði eftirlits og gæða eru unnin verkefni er lúta að ráðgjöf og fræðslu um geðheilbrigðismál og sjálfsvígsforvarnir.

Kvartanir og skyld erindi til landlæknis

Viðfangsefni sviðs eftirlits og gæða er meðal annars meðferð kvartana frá notendum heilbrigðisþjónustunnar. Embættinu er lögum samkvæmt skylt að sinna erindum frá hverjum þeim notanda heilbrigðisþjónustu sem telur sig hafa orðið fyrir vanrækslu, mistökum eða ótilhlýðilegri framkomu af hálfu þeirra sem þjónustuna veita. Er honum heimilt að beina formlegri kvörtun vegna þess til embættisins.


Þá berast einnig erindi sem varða samskipti notenda við veitendur þjónustunnar og aðrar athugasemdir við þjónustu sem ekki er skilgreind sem formlegar kvartanir.

Einnig leita notendur heilbrigðisþjónustunnar til embættisins vegna aðgangs að sjúkraskrá og ef óskum um læknisvottorð er ekki sinnt.

Árið 2018 bárust landlækni 336 erindi er tengdust samskiptum við heilbrigðisstarfsmenn og/eða veitingu heilbrigðisþjónustu. Sjá í töflu 2 stærstu málaflokkana.

Kvartanir samkvæmt 12. gr. laga	112
Athugasemdir aðstandenda vegna heilbrigðisþjónustu	37
Erindi varðandi sjúkraskrá, læknisvottorð og örorkumat	63
Tilkynningarskyld óvænt atvik	45
Kæur vegna málsmeðferðar kvartana, eftirlitsaðgerða, synjana um starfsleyfi eða rekstur heilbrigðisþjónustu o.fl.	16

Mikil fjölgun hefur orðið á kvörtunum sem berast embættinu og fjölgaði þeim um 59 á milli ára, sjá mynd hér fyrir neðan.



EFTIRLIT OG GÆÐI

Embættinu er lögum samkvæmt skylt að sinna erindum frá hverjum þeim notanda heilbrigðisþjónustu sem telur sig hafa orðið fyrir vanrækslu, mistökum eða ótilhlýðilegri framkomu af hálfu þeirra sem þjónustuna veita og er honum heimilt að beina formlegri kvörtun vegna þess til embættisins. Landlæknir skal rannsaka slík mál til að finna á þeim skýringar og tryggja eftir því sem kostur er að slík atvik endurtaki sig ekki.

Árið 2018 sinnti Embætti landlæknis 48 athugasemdum vegna heilbrigðisþjónustu. Sjá töflu 3.

Heildstætt mat á InterRAI mælitækjum og á færni- og heilsumati

Embætti landlæknis fékk ráðgjafafyrirtækið KPMG til að framkvæma heildstætt mat á Inter-RAI mælitækjum og á færni- og heilsumati. Athugun KPMG var gerð í desember 2017 til febrúar 2018 og var skýrslu skilað í maí 2018. Niðurstöður skýrslunnar sýna að þörf er fyrir viðtækar úrbætur bæði á notkun InterRAI mælitækja og framkvæmd við færni- og heilsumat. Framkvæmd og niðurstöðu greiningarinnar má sjá í skýrslu [KPMG](#). Embættið skilaði af sér minnisblaði til heilbrigðisráðuneytisins varðandi þá þætti sem embættið telur þörf á að bregðast við í kjölfar skýrslunnar, [sjá minnisblað](#).

2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Heilbr.starfsfólk—Almennt efni.			3	4	9	9
Heilbr.starfsfólk undir sérstöku eftirliti-	1	6	3			
Læknar	10	13	72	26	27	22
Hjúkrunarfræðingar	1	2	4	3	8	6
Sjúkraliðar			1			1
Aðrar heilbrigðisstéttir	1	5	6	7	3	6

Tannlæknisþjónusta 2018

Embætti landlæknis vann með stjórnvöldum og fagfólki að tannheilbrigðismálum. Þann 1. janúar 2018 urðu tímamót í tannlækningum á Íslandi þegar tannlæknisþjónusta varð gjaldfrjáls fyrir öll börn með skráðan heimilistannlækni að frátöldu 2500 kr. komugjaldi sem greitt er einu sinni á 12 mánaða fresti. Gjaldfrjálsar tannlækningar ná yfir eftirlit, forvarnir, flúormeðferð, skorufyllur, tannfyllingar, rótfyllingar og annað sem telst til nauðsynlegra tannlækninga. Skipulag tannlæknisþjónustu miðast við að foreldrar/forráðamenn beri ábyrgð á tímapöntun hjá tannlækni og skráningu heimilistannlæknis. Heilsugæslan annast eftirfylgni með því að foreldrar skrái heimilistannlækni fyrir börn sín.

Þann 1. september 2018 tók gildi rammasamningur um [tannlækningar aldraðra og öryrkja](#). Greiðsluþátttaka Sjúkratrygginga vegna almennra tannlækninga er nú 50% hjá öldruðum og öryrkjum en 100% hjá þeim sem dvelja á stofnunum. Það gildir einnig um 18 ára og eldri með andlega þroskahömlun.

Enginn samningur var í gildi frá árinu 2004 sem leiddi til þess að kostnaðarhlutdeild einstaklinga hækkaði jafnt og þétt og var um 70% árið 2017. Áfram verður unnið að því að jafna aðgengi aldraðra og öryrkja að nauðsynlegri tannlæknisþjónustu.

Í 5.gr samnings milli Sjúkratrygginga Íslands og tannlækna í Tannlæknafélagi Íslands og annarra tannlækna um tannlækningar fyrir aldraða og öryrkja segir „Tannlæknir sér um innköllun þeirra sem eru á skrá hjá honum í eftirlit eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti og skráir ástand tanna og munnhols.

Í 12.gr samnings milli Sjúkratrygginga Íslands og tannlækna í Tannlæknafélags Íslands og annarra tannlækna um tannlækningar fyrir aldraða og öryrkja segir: Í samræmi við 1.mgr 45.gr.laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar skulu SÍ hafa eftirlit með starfsemi samningsaðila sem miðar að því að tryggja að tegundir, magn, gæði, kostnaður og árangur þjónustunnar sé í samræmi við gerða samninga. Stofnunin hefur samráð við landlækni um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits.

Landlæknir hefur eftirlit með að framangreind þjónusta uppfylli faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu og uppfylli ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma.

Í tengslum við árlega [tannverndarviku](#) 29. janúar til 2. febrúar 2018 voru landsmenn hvattir til að huga betur að tannheilsunni og leggja enn meiri áherslu á góða tannhirðu. Stjórnendur verslana voru hvattir til að bjóða frekar afsláttarkjör af hollum mat og tannhirðuvörum í stað sætinda.

Í Talnabrunni ágúst mánaðar var fjallað um tannheilsu landsmanna: *Fleiri halda eigin tönnum lengur*. Höfundar efnis voru: Hólmfríður Guðmundsdóttir og Jón Óskar Guðlaugsson. [Talnabrunnur. 12. árg. 7. tölu- blað](#), ágúst 2018.

EFTIRLIT OG GÆÐI

Starfsleyfi

Einn liður í eftirliti Embættis landlæknis með heilbrigðisþjónustu er útgáfa starfsleyfa og sérfræðileyfa löggiltra heilbrigðisstarfsmanna sem hafa lögverndað starfsleyfi á Íslandi. Leyfin eru gefin út á grundvelli menntunar hér á landi eða erlendis. Einnig eru staðfest starfs- og sérfræðileyfi þeirra sem hafa starfsleyfi á EES-svæðinu samkvæmt reglugerð þar um og tilskipun Evrópusambandsins.

Gefin voru út 707 almenn starfsleyfi árið 2018, fjöldi sérfræðileyfa var 125 og staðfestingarleyfi voru 133. Sjá töflu 4.

Tafla 4	Útgefin starfsleyfi og vottorð		
	2016	2017	2018
Almenn starfsleyfi	685	718	707
Sérfræðileyfi	99	139	125
Staðfestingarleyfi	89	115	133
Staðfestingavottorð	245	353	270

Embættið gefur einnig út vottorð til staðfestingar á starfs- eða sérfræðileyfum sem gefin eru út á Íslandi. Umsóknir um vottorð árið 2018 voru 270.

Töflur 5 og 6 sýna hvernig útgáfa almennra starfsleyfa og sérfræðileyfa skiptist eftir heilbrigðisstéttum árið 2018.

Tafla 5	Sérfræðileyfi 2018	
Félagsráðgjafi	9	
Hjúkrunarfræðingur	10	
Læknir	72	
Lífeindafræðingur	2	
Ljósómóðir	0	
Lyfjafræðingur	0	
Sálfræðingur	24	
Sjúkraþjálfari	7	
Tannlæknir	1	
Samtals	125	

Tafla 6	Staðfestingarleyfi 2018	
Fótaaðgerðafræðingur	3	
Geislafræðingur	2	
Heyrnarfræðingur	7	
Hjúkrunarfræðingur	19	
Iðjuþjálfari	2	
Læknir	66	
Lífeindafræðingur	3	
Ljósómóðir	2	
Lyfjafræðingur	1	
Sjöntækjafræðingur	3	
Sjúkraliði	2	
Sjúkraþjálfari	19	
Tannfræðingur	1	
Tannlæknir	3	
Samtals	133	



Rekstrarleyfi

Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 eiga allir rekstraraðilar í heilbrigðisþjónustu, jafnt heilbrigðisstofnanir, heilbrigðisstarfsmenn með rekstur í eigin nafni og rekstrarfélög, að tilkynna fyrirhugaðan rekstur til landlæknis og lýsa þannig hvernig þeir hyggjast uppfylla tilteknar faglegar lágmarkskröfur. Staðfesting landlæknis um að rekstur uppfylli faglegar lágmarkskröfur þarf að liggja fyrir áður en starfsemi heilbrigðisþjónustu hefst.

Rekstraraðilar þurfa einnig að tilkynna til landlæknis ef breytingar verða á rekstri eða rekstrinum er hætt.

Árið 2018 bárust landlækni samtals 295 tilkynningar frá rekstraraðilum í heilbrigðisþjónustu auk fjölda fyrirspurna um rekstur. Þar af voru 27 tilkynningar um að rekstri væri hætt, 70 tilkynningar um breytingar á rekstri og að lokum 184 tilkynningar um rekstur. Þá er rekstraraðilum stofa einnig skylt að sækja um undanþágu til að reka stofu eftir 75 ára aldur. Árið 2018 bárust 14 slíkar umsóknar, sjá töflu 7.

Tafla 7	Tilkynningar um rekstur og undanþágur til reksturs árið 2018	
Fjöldi tilkynninga um að rekstri sé hætt	27	
Fjöldi tilkynninga um breytingar á rekstri	70	
Fjöldi tilkynninga um rekstur	184	
Fjöldi undanþága	14	
Samtals	295	

EFTIRLIT OG GÆÐI

Eftirlit með ávísunum lyfja

Eftirlit Embættis landlæknis með ávísunum lyfja felst fyrst og fremst í eftirliti með ávísunum ávanabindandi lyfja en einnig annarra lyfja, s. s. þunglyndislyfja og testósteróns. Embættið vinnur lyfjatölfræði, sinnir fjölmörgum fyrirspurnum og erindum um lyfjatengd mál auk þess sem embættið er í beinum samskiptum og bréfasamskiptum við lækna í framhaldi af úttektum úr lyfjagagnagrunni eða ábendingum vegna lyfjaávíšana.

Á árinu 2018 voru birtar níu fréttir á [heimasíðu embættisins](#) um lyfjatengd málefni auk þess sem fimm pistlar frá embættinu birtust í [Læknablaðinu](#).

Embættið tók þátt í endurskoðun nýrrar reglugerðar um lyfjaávisanir og afhendingu lyfja sem tók gildi um mitt ár 2018. Þá var einnig lögð vinna í endurskoðun reglugerðar um skömmtnun lyfja ásamt því að koma að vinnu við skýrslu velferðarráðuneytisins um aðgerðir til að sporna við óhóflegri notkun ávanabindandi lyfja á Íslandi, en skýrslan var birt á heimasíðu ráðuneytisins. Unnar voru úttektir fyrir hópa lækna á nokkrum starfsstöðvum og haldnar kynningar um gæðamál er varða lyfjaávisanir. Lyfjatengd andlát hafa mikið verið í umræðunni og hefur embættið svarað fyrirspurnum frá bæði fjölmiðlum og opinberum aðilum í því sambandi auk þess sem haldin var kynning fyrir samtökin „Náam áttum“.

Árið 2018 flettu samtals 1512 lækna upp í lyfjagagnagrunni og af þeim voru 1108 virkir notendur.

Ávísunum tauga- og geðlyfja fækkaði á árinu um 1,6% miðað við árið 2017. Í einstökum lyfjaflokkum má nefna að ávisanir ýmissa örvandi lyfja og ópíóíða drógust verulega saman á árinu.

Tafla 8
Fjöldi einstaklinga sem fékk ávísað lyfjum á 1000 íbúa eftir lyfjaflokkum árið 2017 og 2018

ATC		2017	2018	Breyting (%)
A	Meltingarfæra- og efnaskiptalyf	205	204	-0,3
B	Blóðlyf	97	97	-0,4
C	Hjarta- og æðasjúkdómalyf	236	236	-0,1
G	Þvagfæralyf, kvensjúkdómalyf og kynhormónar	182	179	-2
H	Hormónalyf, önnur en kynhormónar	116	115	-1,1
J	Sýkingalyf	374	358	-4,4
L	Æxlishefjandi lyf og lyf til ónæmistemprunar	22	22	1,3
M	Vöðvasjúkdóma- og beinagrindarlyf	183	175	-4,7
N	Tauga- og geðlyf	379	368	-2,9
R	Öndunarfæralyf	231	220	-4,6
S	Augn-og eyrnalyf	124	119	-3,9

Í töflum 8 og 9 kemur fram breyting í ávísunum lyfja og fjölda notenda eftir lyfjaflokkum milli árána 2017 og 2018. Þegar á heildina er litið hefur orðið fækkun í ávísunum lyfja á milli árána 2017 og 2018.



Tafla 9
Ávísaðir dagskammtar (DDD/1000 íbúa á dag) eftir lyfjaflokkum árið 2018 og 2019

ATC		2017	2018	Breyting (%)
A	Meltingarfæra- og efnaskiptalyf	172,5	176,9	2,5
B	Blóðlyf	113,4	109,8	-3,2
C	Hjarta- og æðasjúkdómalyf	381,8	384,6	0,7
G	Þvagfæralyf, kvensjúkdómalyf og kynhormónar	110,8	107,8	-2,7
H	Hormónalyf, önnur en kynhormónar	45,1	44,8	-0,6
J	Sýkingalyf	21,4	21,1	-1,4
L	Æxlishefjandi lyf og lyf til ónæmistemprunar	15,9	16,2	1,6
M	Vöðvasjúkdóma- og beinagrindarlyf	55,2	53,3	-3,3
N	Tauga- og geðlyf	340,9	335,5	-1,6
R	Öndunarfæralyf	97,6	95,2	-2,5
S	Augn-og eyrnalyf	13,6	13,2	-3,6

Fyrirmæli landlæknis um upplýsingaöryggi við veitingu fjarheilbrigðisþjónustu

Embætti landlæknis gaf út í lok árs [Fyrirmæli landlæknis um upplýsingaöryggi við veitingu fjarheilbrigðisþjónustu](#).

Í lögum um landlækni og lýðheilsu [nr. 41 /2007](#) er kveðið á um að landlæknir geti gefið heilbrigðisstofnunum og heilbrigðisstarfsmönnum almenn fagleg fyrirmæli um vinnulag, aðgerðir og viðbrögð af ýmsu tagi sem þeim er skylt að fylgja. Með fyrirmælum um upplýsingaöryggi við veitingu fjarheilbrigðisþjónustu er ætlunin að stuðla að öruggri notkun á tæknilausnum við veitingu fjarheilbrigðisþjónustu.

Fyrirmælin voru undirrituð af ráðherra og birt í Stjórnartíðindum. Með því öðluðust þau stöðu reglugerðar.

EFTIRLIT OG GÆÐI

Breytt lög um brottánám líffæra

Breyting á lögum um brottánám líffæra, [nr. 16/1991](#) voru samþykkt á Alþingi þann 6. júní 2018 og tóku breytt lög um brottánám líffæra (ætlað samþykki) gildi þann 1. janúar 2019.

Embætti landlæknis sinnir hlutverki lögbærs yfirvalds í málum er snerta líffæraígræðslur og -gjafir. Starfandi er samráðshópur á vegum embættisins sem í eiga sæti læknar frá Landspítala. Samráðshópurinn er embættinu til ráðgjafar um málaflokkinn.

Með tilkomu breyttra laga er meginreglan sú að allir þegnar verða sjálfkrafa líffæragjafir. Þeir sem engin líffæri vilja gefa eða einungis gefa tiltekin líffæri skrá afstöðu sína rafrænt á Heilsuveru undir Mínar síður. Þeir sem ekki nota tölvur/rafræn skilríki eða stunda ekki tölvusamskipti geta leitað aðstoðar heilsugæslunnar til að skrá afstöðu sína. Vefsvæðið donor.landlaeknir.is var lagt niður við gildistöku laganna og tók Heilsuvera alfarið við skráningum varðandi afstöðu til líffæragjafar. Einstaklingar sem þar höfðu skráð andstöðu við að gefa líffæri sín við andlát þurfa ekki að skrá sig á ný. Þeir þurfa hins vegar að breyta skráningunni hafi þeir skipt um skoðun og vilja gefa líffæri.

Embætti landlæknis hafði umsjón með kynningu og upplýsingamiðlun varðandi lagabreytinguna undir yfirskriftinni og merkinu *Líffæragjöf - Við gefum líf*. Kynningin hófst í október 2018 meðal heilbrigðisstarfsmanna og voru heimsóttar heilbrigðisstofnanir í öllum heilbrigðisumdæmum auk Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri.



Upplýsingum var miðlað til landsmanna með fjölbreyttum hætti [á vef embættisins](#), með fréttum og í gegnum samfélagsmiðla. Fundunum var einnig fylgt eftir með skrifum og viðtölum við fjölmiðla víðs vegar um landið.

Undirbúningur og innleiðing vegna nýrra persónuverndarlaga


Þann 15. júlí 2018 tóku gildi ný lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Lögin byggja á og innleiða almenna persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins, GDPR.

Hjá Embætti landlæknis hefur verið lögð rík áhersla á örugga meðferð persónuupplýsinga og því hófst aðlögun embættisins að væntanlegri löggjöf þegar á árinu 2017. Starfsmenn embættisins sátu í stýrihópi sem leiddur var af lögfræðingi með sérþekkingu á persónuverndarlöggjöf. Auk þess naut embættið ráðgjafar frá lögmanni utan embættisins. Leitað var til starfsmanna hvers sviðs til að fá yfirsýn yfir vinnslu persónuupplýsinga Embættis

landlæknis. Brugðist var við með því að kortleggja allar vinnslur persónuupplýsinga, skrá í vinnsluskrá, uppfæra verklagsreglur embættisins eða semja nýjar þar sem þess var þörf. Einnig voru endurnýjaðir vinnslusamningar við vinnsluaðila. Ítarlegri upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga hjá embættinu voru gerðar aðgengilegar á landlaeknir.is.

Þá hófst vinna við frumvarp að breytingum á heilbrigðislöggjöfinni í samvinnu við Heilbrigðisráðuneytið, með það að markmiði að skýra enn frekar heimildir Embættis landlæknis til vinnslu persónuupplýsinga.

Persónuverndarfulltrúi tók til starfa í júlí og er honum ætlað að veita starfsmönnum ráðgjöf varðandi persónuverndarmál, svara fyrirspurnum almennings og hafa eftirlit með því að embættið uppfylli skyldur sínar samkvæmt persónuverndarlögum. Frekari aðlögun að nýjum eða breyttum kröfum vegna nýrra Persónuverndarlaga mun halda áfram á árinu 2019.



SÓTTVARNIR

eru heilsugæslulæknar skipaðir sem svæðislæknar sóttvarna. Með þessu fyrirkomulagi er hægt að virkja heilsugæsluna betur við útfærslu sóttvarna og skapa þannig möguleika á markvissari meðferð við að hefta útbreiðslu hættulegra smitsjúkdóma í samfélaginu.

Reglulegir fundir með umdæmis- og svæðislæknum sóttvarna hófust á árinu 2017 og héldu áfram á árinu 2018. Stefnt er að áframhaldi slíkra funda á árinu 2019 bæði með notkun síma, netmiðla, Tetra og með hefðbundnu fundarhaldi. Tetra æfingar með umdæmis- og svæðislæknum sóttvarna voru haldnar einu sinni í mánuði árið 2018.

Fræðsludagur um bólusetningar barna var haldinn 31. október 2018 fyrir starfsfólk heilsugæslunnar í landinu og sóttu hann um 140 manns. Þetta var í annað sinn sem hann var haldinn og stefnt er að því að halda slíka fræðslu árlega.

3. Gerð og innleiðing viðbragðsáætlana og leiðbeininga um sóttvarnir

Í sóttvarnalögum nr. 19/1997 er kveðið á um að sóttvarnalæknir sé ábyrgur fyrir opinberum og almennum sóttvarnaaðgerðum vegna smitsjúkdóma, eiturefna, geislavirkra efna og óvæntra atburða sem ógnað geta almannaheill. Í stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum frá 2015 er kveðið á um að gerð viðbragðsáætlana um sóttvarnir sé í höndum sóttvarnalækna og eru þær áætlanir hluti af almannavarnakerfinu á Íslandi. Í lögum um almannavarnir nr. 82/2008 er kveðið á um ábyrgð og skyldu einstakra ráðuneyta og undirstofnana þeirra að semja viðbragðsáætlanir í samræmi við lög sem um starfsvið þeirra gilda í samvinnu við ríkislögreglustjóra.

Á árinu 2018 var lokið við gerð og innleiðingu viðbragðsáætlunarinnar [Sóttvarnir alþjóðaflugvalla—Landsáætlun](#) í samstarfi við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Í kjölfar útgáfu áætlunarinnar voru haldnar skrifborðsæfingar með starfsmönnum og viðbragðsaðilum alþjóðaflugvalla hér á landi.



Úr Leiðbeiningar um varnir gegn öskufalli af völdum eldgosa.
Mynd: Vilhelm Gunnarsson.

Einnig var hafin vinna við gerð viðbragðsáætlunar gegn sýklum, eiturefnum, geislavirkum efnum og sprengiefnum (CBRNE). Áætlað er að þeirri vinnu muni ljúka á árinu 2019.

Lokið var vinnu við gerð samnorrænnar áætlunar um flutning brunasjúklinga á milli landa í þeim atvikum sem úrræði heima fyrir duga ekki. Sérstakur kafli fyrir Ísland fylgir þessari áætlun og lýkur vinnu við gerð hans vorið 2019. Á árinu 2019 mun hefjast samnorræn vinna við áætlanir um flutninga sjúklinga með alvarlega smitandi sjúkdóma. Þá var sniðmát að viðbragðsáætlunum heilbrigðisstofnana uppfært í samvinnu við Landspítala og í

nýrri útgáfu er tekið tillit til allra ógna og viðbragða við þeim. Fyrsta útgáfa gerði aðeins ráð fyrir viðbrögðum við hópslysum.

Starfsemi þjóðaröryggisráðs skv. lögum nr. 98/2016 hófst á árinu 2018. Sóttvarnalæknir er fulltrúi Embættis landlæknis í ráðinu en landlæknir er varamaður. Vinna við val á þjóðaröryggisvísium er varða heilbrigðisógnir og lýðheilsu hófst árið 2018 og sóttvarnalæknir skilaði til þjóðaröryggisráðs niðurstöðu áhættumats vegna CBRNE atvika og niðurstöðu áhættumats vegna farsóttá.

Rýni atvika

Á síðasta ári rýndu starfsmenn sóttvarnalækna viðbrögð við tveimur atvikum, það er hópsýkingu af völdum salmonelli í fraktskipi og hópsýkingu af völdum nóróveiru á veitingastað í Reykjavík. Rýniskýrsla (*After action Review-AAR*) var skilað í kjölfarið til hlutaðeigandi. Þá voru starfsmenn Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins (ECDC) hér á landi eina viku í september 2018 og rýndu í samvinnu við sóttvarnalækni hópsýkingu af völdum nóróveiru á Úlfjótavatni í ágúst 2017. Skýrsla vegna rýni á vegum ECDC verður gefin út vorið 2019.

4. Stuðla að skynsamlegri notkun sýklalyfja

Á undanförunum árum hefur mikil alþjóðleg umræða verið í gangi um þá hættu sem stafar af dreifingu sýklalyfjaónæmra baktería. Starfshópur heilbrigðisráðherra skilaði [tillögum sínum um aðgerðir hér á landi til að stemma stigu við sýklalyfjaónæmi](#) á árinu 2017. Á árinu 2018 hélt áfram samvinna sóttvarnalækna við heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um aðgerðir sem miða að því að auka skynsamlega notkun sýklalyfja hér á landi. Jafnframt var hafin samvinna við önnur heilsugæslusvæði landsins og Félag íslenskra barnalækna. Þessari vinnu verður haldið áfram á árinu 2019.

HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

Starfsáætlun 2017–2018. Aðaláherslur

Rannsóknin Heilsa og líðan Íslendinga 2017

Á árinu voru gögn rannsóknarinnar *Heilsa og líðan Íslendinga* hreinsuð og gerð tilbúin til notkunar, en rannsókn þessi var lögð fyrir í fjórða sinn haustið 2017. [Framkvæmdaskýrsla](#) rannsóknarinnar var gefin út í októbermánuði 2018 en tilgangur hennar er einkum að skjalfesta aðferðafræði og fyrirkomulag gagnaöflunar auk þess að halda því til haga hvernig meðhöndlun og hreinsun gagna var háttað. Á sama tíma var gefinn út nýr [breytuli](#) fyrir gögn frá árunum 2007, 2009, 2012 og 2017 en útfylltur breytuli þarf að fylgja öllum [umsóknum um aðgang að gögnum til vísindarannsókna](#). Síðari hluta árs voru [valdar niðurstöður](#) úr rannsókninni gerðar aðgengilegar á vef embættisins.



Lýðheilsuvísar á Mælaborði Lýðheilsu

Á árinu 2018 voru lýðheilsuvísar birtir í þriðja sinn eftir heilbrigðisumdæmunum sjö. Birting lýðheilsuvísa er liður í því að veita yfirsýn yfir lýðheilsu í hverju umdæmi fyrir sig í samanburði við landið í heild. Við val á lýðheilsuvísu var sjónum beint að þeim áhrifaþáttum heilsu og líðanar sem fela í sér tækifæri til heilsueflingar og forvarna. Þá var einnig leitast við að draga fram þætti í sjúkdómabyrði sem mikilvægt er að heilbrigðisþjónusta hvers umdæmis geri sér grein fyrir og bregðist við eftir föngum.

Lýðheilsuvísu er ætlað að auðvelda sveitarfélögum og heilbrigðisþjónustu að greina stöðuna í sínu umdæmi, finna styrkleika og veikleika og skilja þarfir íbúanna þannig að þau geti unnið saman að því að bæta heilsu og líðan. Mikil eftirspurn er eftir því að greina lýðheilsuvísa niður á smærri svæði en heilbrigðisumdæmi og einstök sveitarfélög.

Á árinu 2018 var [Mælaborði Lýðheilsu](#) birt í fyrsta sinn á vef embættisins. Mælaborðið mun smám saman birta fleiri lýðheilsuvísa með gagnvirkum og myndrænum

hætti, en fyrstu 11 vísarnir voru birtir árið 2018. Ráðgert er að fjölga vísunum næstu árin. Á mælaborðinu má sjá vísana eftir heilbrigðisumdæmum og níu stærstu sveitarfélögum landsins. Einnig er hægt að skoða breytingar í tíma og bera saman karla og konur.

Rafrænn flutningur gagna frá rannsóknarstofum LSH

Mikil vinna hefur verið lögð í að koma á rafrænum flutningi rannsóknargagna tilkynningarskyldra og skráningarskyldra sjúkdóma úr GLIMS skráningarkerfi Landspítala yfir í smitsjúkdómaskrá sóttvarnalæknis. Komu margir aðilar að þessu verkefni, jafnt hjá Landspítala, Origo og embættinu, og var flækjustig töluvert í þessu ferli. Fyrsti áfangi náðist um mitt ár 2018 þegar nýtt kerfi var tekið upp og tímafrek handavinna við móttöku gagna var aflögð. Í lok árs hófst vinna við að bæta enn frekari gögnum í gagnastrauminn, aðallega er varðar smitleiðir sjúkdóma. Útbúinn var nýr úrvinnslugrunnur (vöruhús) fyrir rannsóknagögnin með öflugum vöktunarskilyrðum og úrvinnslumöguleikum, sem tryggir að réttari, betri og tímanlegri gögn berast nú til sóttvarnalæknis.

Önnur helstu viðfangsefni

Samskiptaskrá heilsugæslustöðva

Árið 2018 var annað árið sem fjármögnun heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu var reiknuð samkvæmt nýju kerfi. Stuðst er við aðferðafræði sem byggist á því að fjármagn til rekstrar hvernar heilsugæslustöðvar endurspegli þann sjúklingahóp sem viðkomandi stöð þjónar. Hlutverk Embættis landlæknis er að reikna út þyngdarstuðul og þarfavísitölu hvernar stöðvar út frá tilteknum gæðaviðmiðum. Gögn úr samskiptaskrá heilsugæslu

HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

liggja til grundvallar þessum útreikningum ásamt ákveðnum atriðum úr bólusetningarskrá. Á árinu 2018 hófst svo undirbúningur fyrir sams konar fjármögnunarkerfi fyrir heilsugæslustöðvar á landsbyggðinni sem áætlað er að taki gildi í ársbyrjun 2020. Í þeim undirbúningi felst meðal annars rýni á rauntímasendingar gagna utan af landi og prófanir til þess að tryggja gæði gagnanna.

Vistunarskrá sjúkrahúsa

Á árinu 2018 var farið í gæðaátak á vöruhúsi vistunarpplýsinga. Vöruhúsið inniheldur upplýsingar úr vistunarskrá heilbrigðisstofnana og eru þar gögn um allar legur á íslenskum heilbrigðisstofnunum frá og með árinu 1999 og upplýsingar um starfsemi dag- og göngudeilda frá árinu 2010. Einn liður í þessari vinnu var að uppfæra breytulýsingar og gera breytingar á útreiknuðum mælingum úr vöruhúsinu. Jafnframt var gerður samburður á talningum sjúkdómsgreininga við Landspítala.

Eftirlit með biðlistum og skráning biðlista

Þrisvar á ári kallar Embætti landlæknis eftir upplýsingum um stöðu á biðlistum eftir völdum aðgerðum á helstu aðgerðastöðum landsins. Embættið hefur gefið út viðmiðunarmörk fyrir biðtíma eftir heilbrigðisþjónustu þar sem ásættanleg bið eftir þjónustu telst vera 90 dagar frá greiningu að meðferð. Áhersla er þess vegna lögð á að fylgjast sérstaklega með hve hátt hlutfall hefur beðið lengur en sem nemur þessum viðmiðunarmörkum. Sérstök áhersla hefur verið á að skoða bið eftir liðskiptaaðgerðum, skurðaðgerðum á augasteini og hjartaþræðingum, en átak vegna langra biðlista eftir þessum tegundum aðgerða hefur staðið frá árinu 2016.

Á áætlun er að biðlistaskráning verði rafræn í sjúkraskrárkerfinu Sögu og að upplýsingar um bið einstaklings eftir heilbrigðisþjónustu verði miðlægar, til að gera eftirlit skilvirkara. Tafir hafa orðið á forprófun á skráningarkerfinu, en verkið er í vinnslu hjá Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna.

Auk þess var kallað eftir upplýsingum um bið eftir geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og bið eftir fíknimeðferð.

Gögn úr heilbrigðisskrám til vísindarannsókna

Gögn úr gagnagrunnum á ábyrgð landlæknis og sóttvarnalæknis eru nýtt í vísindarannsóknir af margvíslegum toga. Stór hluti umsókna er vegna rannsókna meistara- og doktorsnema en einnig nýta heilbrigðisstarfsmenn og vísindasamfélagið gögn frá embættinu við rannsóknir sínar. Á árinu 2018 bárust 44 nýjar umsóknir um gögn, en þær voru 39 á árinu 2017. Fjöldi nýrra umsókna segir þó ekki alla söguna þar sem iðulega eru framkvæmdar nokkrar gagnavinnslur vegna sama verkefnis, t.d. þegar gögn eru sótt úr fleiri en einum gagnagrunni, vinnslur gerðar vegna viðbótarbeiðna, eða þegar vísindarannsóknir standa yfir í nokkur ár.

Á árinu 2018 var opnuð ný vefsíða á vefsvæði embættisins þar sem finna má upplýsingar um aðgang að gögnum til vísindarannsókna. Þá var einnig gengið frá breytulýsingum fyrir fjóra gagnagrunna til viðbótar og þeir listar gerðir aðgengilegir á sömu síðu. Á árinu var einnig gengið formlega til samstarfs við Háskóla Íslands varðandi verkefnið Heilsubrunn en markmið þess er að auðvelda rannsakendum öruggan aðgang að gögnum til nota við vísindarannsóknir á heilbrigðisviði. Fór þá í gang undirbúningur tilraunastígs verkefnisins.

Starfsleyfaskrá - Rekstraraðilaskrá

Árið 2018 voru starfsleyfaskrá og rekstraraðilaskrá Embættis landlæknis útfærðar enn frekar og tæknilegur grunnur lagður að því að auka rafræna miðlun gagna úr þessum gagnagrunnum. Nú er hægt, af vef embættisins, að fletta upp heilbrigðisstarfsmönnum eftir nafni, fæðingardegi og t.d. sérgrein og fá þannig upplýsingar um hvort viðkomandi hefur starfsleyfi og frá hvaða tíma það gildir.

Sömuleiðis geta stofnanir, lyfjabúðir og aðrir nálgast þessar skrár eftir þörfum á sérstakri vefslóð til notkunar í sínum eigin kerfum. Skrárnar sem miðlað er, eru uppfærðar daglega. Mikil áhersla er á að auka rafræna þjónustu við viðskiptavinum embættisins enn frekar í framtíðinni.



HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

Hýsing og rekstur upplýsingakerfa Embættis landlæknis

Embættið flutti tölvuumhverfi sitt í hýsingu og alrekstur til Advania um mitt ár 2017. Á fyrri hluta ársins 2018 var verklag við reksturinn slípað til. Tilgangurinn var að tryggja sem best öryggi upplýsinga, uppítíma kerfa og koma á vönduðu verklagi, skjölun og góðri yfirsýn. Afurð þessarar vinnu er meðal annars vel útfærð og gagnleg kerfishandbók sem haldið er við reglulega af Advania. Sömuleiðis voru settar vörður í tengslum við eftirlit embættisins með rekstrinum hjá Advania og ný GDPR lög höfð þar til hliðsjónar.

Góð reynsla er af hýsingunni, öryggisuppfærslur eru gerðar nánast sjálfkrafa, uppítími hefur staðist lágmarkskröfur og sífellt er unnið að því að bæta enn frekar öryggismálin, frávíkaskráningu og verklag almennt. Reglulegt eftirlit er haft með rekstri Advania af hálfu Embættis landlæknis.

Öryggismál, GDPR og tæknin

Ráðist var í uppfærslu á Oracle Express gagnagrunni embættisins á ytra neti og var hann fluttur í Standard Oracle útgáfu. Um leið var Apex kerfi uppfært í nýjustu útgáfu og í framhaldi af því verður aðal Oracle grunnur embættisins á innra neti uppfærður í nýjustu útgáfu.

Innleiðing persónuverndarreglugerðar Evrópusambandsins, GDPR (*General Data Protection Regulation*) tók mikinn tíma fjölmargra starfsmanna hjá Embætti landlæknis allt árið 2018. Verkferlar voru greindir, vinnslur skjalaðar og eignaskrá yfirfarin. Í framhaldi af því var vinnslu- og eignaskrá embættisins tölvuvædd og hefur það kerfi nýst ákaflega vel við endurskoðun og rýni á þeim vinnslum sem skilgreindar hafa verið hjá embættinu í innleiðingu GDPR-reglugerðarinnar. Var

kerfið utan um vinnsluskrána forritað í Apex á Oracle grunni og fyrirhugað að útfæra það frekar, m.a. bæta við aðgerðarlistum sem urðu til í kjölfar innleiðingar persónuverndarlaganna.

Hjá teymi rafrænna upplýsingakerfa var unnið ötullega að málum sem tengjast nýjum samningi ríkisins við Microsoft sem skrifað var undir í júní 2018. Þessi samningur mun hafa miklar breytingar í för með sér fyrir A-hluta stofnanir ríkisins og í lok árs 2018 var enn verið að útfæra tæknileg atriði og undirbúa innleiðinguna. Mikil áhersla er lögð á að tryggja öryggi gagna og hefur landfræðileg staðsetning þeirra verið sérstaklega í umræðunni.

Brýn þörf er jafnframt fyrir að flokka viðkvæm persónugreinanleg gögn með tilliti til þess hvað er hægt að flytja

upp í „skýið“, enda safnar og varðveitir embættið viðkvæmar upplýsingar.

Sviðið situr fyrir hönd embættisins í stjórn Landsarkitektúrs fyrir opinber upplýsingakerfi ríkisstofnana og á jafnframt sæti í netöryggisráði.

NOMESKO

Heilbrigðisupplýsingasvið starfar með NOMESKO (*Nordisk Medicinalstatistik Komité*) norrænni nefnd um heilbrigðistölfræði sem vinnur að því að skapa grundvöll fyrir samanburð heilbrigðisupplýsinga milli Norðurlandanna. Meðal annars var á árinu unnið að undirbúningi á miðlun tölfræðilegra upplýsinga með gagnvirkum hætti á [vefsvæði NOMESKO/NOSOSKO](#). Sjá nánar í kaflanum Alþjóðlegt samstarf á bls. 28.



MIÐSTÖÐ RAFRÆNNAR SJÚKRASKRÁR

Þann 1. mars 2018 gekk í gildi nýtt skipulag varðandi verkefni rafrænnar sjúkraskrár, en þá varð til sjálfstæð eining innan embættisins, Miðstöð rafrænnar sjúkraskrár (MRS) sem heyrir beint undir landlækni. Rafræn sjúkraskrá tilheyrði áður heilbrigðisupplýsingasviði. Jafnframt var komið á fót stýrinednd rafrænnar sjúkraskrár samkvæmt tilnefningum frá aðilum í heilbrigðisþjónustu. Stýrinedndin samþykkir starfsáætlun miðstöðvarinnar og fylgist með framkvæmd hennar. Landlæknir er formaður stýrinedndarinnar.

Um mitt ár bættust þrjú stöðugildi við Miðstöð rafrænnar sjúkraskrár og fjölgaði þá úr tveimur og yfir í fimm starfsmenn við lok ársins. Verkefni sem tilheyra rafrænni sjúkraskrá eru margvísleg. Hér verður fjallað um helstu verkefni í tengslum við aðaláherslur embættisins og árangur þeirra.


Samtengd sjúkraskrá

Samkvæmt starfsáætlun embættisins var markmiðið árið 2018 að halda áfram þróun og innleiðingu samtengdrar sjúkraskrár með því að innleiða samtengingar hjá sjálfstætt starfandi sérfræðingum. Einnig að fleiri hjúkrunarheimili yrðu aðilar að samtengdri sjúkraskrá. Samtengd sjúkraskrá veitir heilbrigðisstarfsfólki aðgang að mikilvægum upplýsingum um sína sjúklinga sem sinnt hefur verið á öðrum heilbrigðisstofnunum. Stuðlar það að auknum gæðum og betri heilbrigðisþjónustu.

Á árinu bættust sex nýjar stofnanir við samtengingarnar. Tafla 10 sýnir hvaða stofnanir eru samtengdar og hvenær þær tengdust. Myndin efst til hægri sýnir síðan hve notkun heilbrigðisstarfsmanna á samtengdri sjúkraskrá á mánuði hefur aukist jafnt og þétt á milli ára, allt frá árinu 2016.

Tafla 10	Dags og ár
Yfirlit yfir samtengdar heilbrigðisstofnanir	samtengingar
Heiti stofnunar	
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Nóvember 2013
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Nóvember 2013
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Desember 2013
Heilbrigðisstofnun Austurlands	Mars 2014
Sjúkrahúsið Akureyri	Maí 2014
Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Maí 2014
Heilsugæsla Höfuðborgarsvæðisins	Júní 2014
Landspítali	September 2014
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Nóvember 2016
Sjálfstætt starfandi	
Heilsuvernd	Febrúar 2015
Læknavaktin	Ágúst 2015
Læknastöðin Uppsólum	Október 2015
Læknastöðin Glæsibæ	Apríl 2016
Heilsugæslan Lágmúla	Desember 2016
Klínikin Ármúla	Desember 2016
Röntgen Dómus	Janúar 2017
Heilsugæslan Salahverfi	Febrúar 2017
Heilsugæslan Höfða	Maí 2017
Reykjalundur	Maí 2017
Orkuhúsið	Júní 2017
Corpus Medica	Janúar 2018
Læknasetrið	Janúar 2018
Björkin og sjálfstætt starfandi ljósmæður	Júlí 2018
Heilsugæslan Urðarhvarfi	September 2018
Rtg. Orkuhúsið	Nóvember 2018
Sjálfstætt starfandi	
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	Júní 2014
Hjúkrunarheimilið Seljahlíð	Júní 2014
Skjól, Eir og Hamrar	Október 2017
Hrafnistuheimilin	Nóvember 2017
Sunnuhlíð	Nóvember 2018

Notkun á samtengdri sjúkraskrá 2016-2018




Heilsuvera


[Heilsuvera](https://heilsuvera.is) (heilsuvera.is) veitir einstaklingum öruggan rafrænan aðgang að eigin sjúkraskrá og samskiptum við heilbrigðiskerfið. Allar heilsugæslustöðvar landsins bjóða nú upp á þjónustur Heilsuveru. Á árinu var lögð áhersla á að innleiða Heilsuveru fyrir sjúkrahúsumhverfi ásamt áframhaldandi þróun á nýjum möguleikum heilbrigðisgáttarinnar. Samkvæmt starfsáætlun embættisins var markmiðið árið 2018 að 20% aukning yrði á notkun almennings á Heilsuveru. Því markmiði var náð og rúmlega það því notkun einstaklinga á Heilsuveru rúmlega tvöfaldaðist á milli ára. Heildarfjöldi heimsókana á síðuna var 632.299 árið 2018 en tæplega 288.000 árið áður. Þannig voru að meðaltali um 53.000 innskráningar á mánuði og rúmlega 1700 á degi hverjum árið 2018.

MIÐSTÖÐ RAFRÆNNAR SJÚKRASKRÁR


Notkun á samtengdri sjúkraskrá 2016–2018



Fjöldi beiðna um lyfjaendurnýjun á mánuði 2016–2018



Heildarfjöldi notenda Heilsuveru 2016–2018



Myndin hér fyrir ofan sýnir innskráningar á Heilsuvera í hverjum mánuði síðustu þrjú árin.

Eins og fyrri ár var beiðni um lyfjaendurnýjun mest notaða þjónusta Heilsuveru árið 2018, en myndin fyrir miðju sýnir fjölda beiðna á mánuði. Heildarfjöldi einstaklinga sem nota Heilsuveru hefur rúmlega tvöfaldast á milli árána 2017 og 2018, en heildarfjöldi notenda var tæplega 75.000 einstaklingar árið 2018 miðað við tæplega 35.000 árið áður, sjá mynd efst hægrí megin.

Innleiðing Heilsuveru í sjúkrahúsumhverfi hefur gengið vel, en fyrsta deild Landspítala til að taka upp þjónustu Heilsuveru er Barnspítali Hringsins. Barnspítalinn býður upp á lyfjaendurnýjun barna sem eru í virkri meðferð ásamt rafrænni samantekt á upplýsingum um líðan barns á milli foreldra og heilbrigðisstarfsfólks. Sömuleiðis geta sjúklingar sem eru í virkri meðferð á krabbameinsdeild Landspítala beðið um lyfjaendurnýjun og sent örugg skilaboð til heilbrigðisstarfsmanna með Heilsuveru. Snemma á árinu 2019 munu fleiri deildir innan spítalans bætast við.

Aðgangur einstaklinga að dagsetningum fyrir innlögn á sjúkrahús og komum á heilsugæslustöð varð aðgengilegur á Heilsuvera, ásamt komum til sérfræðings hjá þeim sérfræðingum sem hafa tekið upp þjónustu Heilsuveru. Embættið heldur áfram að þróa vefinn og verður margs konar ný þjónusta í boði á komandi ári.

Ýmis önnur stór verkefni er vert að nefna. Stórt framfaraskref var stigið þegar rafræn mæðraskrá var innleidd á landsvísu, en skráningin hafði verið í pappírsmiðu áður. Farið var í útboð á miðlægu lyfjakorti og prufuverkefni um breytta skráningu í heimahjúkrun var hrint af stað.

Einnig var byrjað á undirbúningi fyrir nýtt skráningarkerfi fyrir atviki í heilbrigðisþjónustu, ásamt breytingum vegna biðlista og tilvísana í heilbrigðisþjónustu.


Tegund lyfseðils	Fjöldi 2018	Fjöldi 2017
Rafrænar lyfseðlar	1.896.306	1.824.752
Pappírslýfseðlar	101.656	129.993
SímSENDIR lyfseðlar	5.736	7.860
Faxaðir lyfseðlar	141	319
Samtals:	2.003.839	1.962.924

Rafrænar lyfseðlar eru nú 95% af öllum sendum lyfseðlum. Myndin hér fyrir neðan sýnir hlutfall rafrænna lyfseðla miðað við aðrar lyfjaávisanir árið 2018 og var það lítils háttar framför frá fyrra ári þegar það var 7%. Markmiðið er að allir lyfseðlar verði sendir rafrænt.

Heildarfjöldi sendra rafrænna lyfseðla á árinu 2018 var tæplega 2 milljónir lyfseðla. Tafla 11 sýnir fjölda lyfseðla sem lækna sendu árin 2017 og 2018 eftir tegund lyfseðils. Taka ber fram að hver lyfjaávisun getur innihaldið nokkrar afgreiðslur á lyfi úr apóteki, þannig að afgreiddir lyfseðlar eru fleiri en ávísáðir.

Starfsmenn Miðstöðvar rafrænnar sjúkraskrár taka þátt í ýmsu erlendu samstarfi. Sjá nánar bls. 28.

Hlutfall rafrænna lyfseðla



ÁHRIFAPÆTTIR HEILBRIGÐIS

Starfsáætlun 2017-2018. Aðaláherslur

Í *Starfsáætlun Embættis landlæknis 2017–2018* voru settar fram fjórar aðaláherslur. Sú þeirra sem snýr fyrst og fremst að sviði áhrifaþátta heilbrigðis (ÁPH) var að „Hvetja og styðja við heilsueflingu“ og undir þessum áherslupætti var sett fram áætlun í fjórum liðum:

1. Styðja sveitarfélög, skóla og heilsugæslu í heilsueflandi starfi

Embætti landlæknis og verkefnastjórn heimsmarkmiðanna hófu í byrjun árs samstarf um m.a. að auka vitund um heimsmarkmiðin og að innleiða þau í starf Heilsueflandi samfélags (HSAM). Liður í því var m.a. að þýða mynd Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar *Heilsa og vellíðan með heimsmarkmiðunum* sem sýnir hvernig þriðja heimsmarkmiðið, sem kveður á um heilbriggt líf og vellíðan frá vöggu til grafar, er samofið hinum sextán markmiðunum. Einnig var unnið að endurskoðun á myndinni *Áhrifaþættir heilsu og vellíðanar* þar sem m.a. er tekið mið af heimsmarkmiðunum. Málþing um heimsmarkmiðin og HSAM var haldið á Alþjóðahamingjudaginn 20. mars og var erindi um HSAM og heimsmarkmiðin flutt í september á viðburðinum *Betri heimur fyrir alla*. Einnig var fjallað um HSAM í stöðuskýrslu Íslands fyrir heimsmarkmiðin 2018. Fjallað var um lýðheilsuvísa og notagildi þeirra fyrir starf HSAM í Evrópskýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar ári 2018.

Samstarf hagsmunaaðila sem starfa á landsvísu var eftir með stofnun stýrihóps HSAM og samráðsvettvangs um HSAM og heimsmarkmiðin, og voru fyrstu fundir haldnir í lok september. Í stýrihópnum eiga sæti fulltrúar frá forsætiráðuneytinu, heilbrigðisráðuneytinu, félagsmála-

ráðuneytinu, mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu auk landlæknis og annarra fulltrúa Embættis landlæknis. Í samráðsvettvangnum eiga sæti fulltrúar samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytisins, umhverfis og auðlindaráðuneytisins, átta ríkisstofnana auk annarra hagsmunaaðila frá ýmsum starfsgreinum og hópum.

Öll sveitarfélög á landinu geta sótt um að gerast Heilsueflandi samfélag, en í lok árs 2018 höfðu 23 sveitarfélög, sem ná til 84% landsmanna, skrifað undir samstarfs-samning við Embætti landlæknis um að gerast Heilsueflandi samfélag og fjölgaði þeim um átta á árinu.

Fyrsta vinnustofa fyrir tengiliði HSAM var haldin í mars og vinnustofa um heilsueflingu fyrir heilsugæslu og félagsþjónustu í desember. Áfram var unnið að þróun gátlista, heilsueflandi.is, upplýsingaveitu fyrir gott heilsueflingarstarf og annars stuðningsefnis fyrir HSAM, m.a. í tengslum við þátttöku embættisins í Evrópuverkefninu JA CHRODIS+. Liður í verkefninu er m.a. samstarf við *Janus heilsueflingu* um heilsueflingu eldri borgara. Leitað var leiða til að geta greint ítarlegar gögn fyrir starfið á hverju svæði. Merki Heilsueflandi samfélags var uppfært þannig að það endurspeglir enn frekar meginmarkmið HSAM, vellíðan fyrir alla. Í framhaldinu fengu heilsueflandi samfélög sín eigin HSAM merki og fána auk þess sem viðmið voru unnin fyrir notkun merkisins

Heilsueflandi leikskólar, grunnskólar og framhaldsskólar

Ráðstefnan [Jákvæð menntun í heilsueflandi skólastarfi](#) var haldin þann 31. ágúst fyrir öll skólastig, leik-, grunn- og framhaldsskóla. Ráðstefnan var fjölsótt og markaði jákvætt spor í þróun heilsueflingar í skólum.

Á árinu var einnig unnið að efni fyrir vefinn Heilsueflandi.is fyrir öll skólastig. Sjá lið 2, bls. 22.

Heilsueflandi leikskóli

Í lok árs 2018 voru 67 leikskólar skráðir til þátttöku í [Heilsueflandi leikskóla](#) og hafði þeim fjölgað um 12 á árinu. Í byrjun árs kom út endurskoðuð handbók fyrir leikskólaeldhús sem var send á alla leikskóla og prentuð voru spjöld með merki Heilsueflandi leikskóla fyrir þátttökuleikskóla. Embættið þýddi í samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins [þrjú myndbönd](#) um tengsla-myndun ungra barna og unnið var að fjórum fræðslu-myndböndum um vellíðan leikskólabarna. Sendur var út spurningalisti til þátttökuleikskóla þar sem óskað var eftir tillögum um hvaða stuðning þau teldu sig þurfa á að halda frá embættinu. Sterklega komu fram óskir um fræðslu tengda geðrækt og eins hvernig hægt væri að bæta líðan starfsfólks. Unnið var að netnámskeiði um



Gylfi Ólafsson forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, Alma D. Möller landlæknir og Margét Halldórsdóttir fyrir hönd Ísafjarðarbæjar við undirskrift samnings um Heilsueflandi samfélag á Ísafirði.

ÁHRIFAPÆTTIR HEILBRIGÐIS

aukna vellíðan fyrir starfsfólk leikskóla og eins að undirbúningi fyrir vinnustofur með áherslu á geðrækt.

Upplýsingum er varða heilsueflingu er reglulega deilt gegnum [Facebook síðu Heilsueflandi leikskóla](#).

Heilsueflandi grunnskóli

Í lok árs 2018 voru 93 grunnskólar skráðir til þátttöku í Heilsueflandi grunnskóla eða um 55% allra grunnskóla á Íslandi. Haldnar voru vinnustofur í landshlutum til frekari kynningar á vefsvæðinu [heilsueflandi.is](#) þar sem skólar voru hvattir til virkni. Heimsóknir voru farnar í skóla til stuðnings innleiðingu á Heilsueflandi grunnskóla. Kynningar á heilsueflandi skólastarfi voru m.a. haldnar í sveitarfélögum og á *Menntaviku*. Á árinu var unnið að undirbúningi á lífsleikni- og forvarnarnámskeiði fyrir kennara og að gerð námsefnis um svefn fyrir grunnskóla. Upplýsingum er varða heilsueflandi grunnskóla er deilt gegnum [Facebook síðu Heilsueflandi grunnskóla](#).

Heilsueflandi framhaldsskóli

Allir hefðbundnir framhaldsskólar landsins, 31 talsins, voru skráðir til þátttöku í Heilsueflandi framhaldsskóla í lok árs 2018. Á árinu var áfram unnið að sjálfbærni vefsetursins [heilsueflandi.is](#) en einnig að kynheilbrigði, m.a. með auknu aðgengi að smokkum.

Á árinu veitti menntamálaráðherra, Lilja D. Alfreðsdóttir, Menntaskólanum að Laugarvatni *Gulleplið 2018* fyrir framúrskarandi árangur þegar kemur að kennslu og innleiðingu aðgerða er varða jafnrétti og kynheilbrigði. Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir afhenti við sömu athöfn fyrsta smokkasjálfsalann af 31 sem settir voru upp í öllum framhaldsskólum landsins.

Upplýsingum er varða heilsueflandi framhaldsskóla er deilt gegnum [Facebook síðu Heilsueflandi framhaldsskóla](#).

2. Heildstætt mat á heilsueflandi starfi

Áfram var unnið að þróun [heilsueflandi.is](#) sem heldur heildrænt utan um allt heilsueflingarstarf Embættis landlæknis. Haldnar voru vinnustofur í landshlutum til frekari kynningar á vefsvæðinu þar sem skólar voru hvattir til virkni. Vefurinn er lokað vinnusvæði fyrir heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskóla og heilsueflandi samfélög. Þeir skólar og þau sveitarfélög sem taka formlega þátt í heilsueflingarstarfi embættisins hafa aðgang að vefnum sem miðlar upplýsingum um aðgerðir sem byggja á bestu þekkingu og reynslu.

3. Miðla upplýsingum um aðgerðir sem byggja á bestu þekkingu og reynslu

Samkvæmt stöðu þekkingar er heildrænt heilsueflingar- og forvarnastarf árangursrík leið til að efla heilsu og vellíðan. Eitt af leiðarljósum Heilsueflandi samfélags og skóla er að starfið byggji á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma og að það valdi ekki skaða.

Í starfinu er lögð áhersla á að styðja sveitarfélög og skóla í því að vinna markvisst lýðheilsustarf í samræmi við þetta, s.s. með ráðgjöf, ráðstefnum og vinnustofum, lýðheilsuvísu, gátlistum, ýmsu öðru efni og stuðningi.

Upplýsingaveita sem er í vinnslu, um gott starf, mun nýtast vel í þessu samhengi.

4. Nýta svæðisbundna lýðheilsuvísu

Lýðheilsuvísar 2018 voru birtir þann 6. júní á Fljótsdalshéraði. Var þetta þriðja útgáfa lýðheilsuvísa, en þeir eru safn mælikvarða sem gefa vísbendingar um heilsu og líðan þjóðarinnar. Þeir eru settir fram til að veita yfirsýn og auðvelda sveitarfélögum og heilbrigðisþjónustu að greina stöðu heilbrigðisumdæmanna.

Við val á lýðheilsuvísu er sjónum m.a. beint að þeim áhrifaþáttum heilsu og líðanar sem fela í sér tækifæri til heilsueflingar og forvarna. Allar upplýsingar um Lýðheilsuvísu 2018 má finna hér á [vef embættisins](#). Sjá einnig [upptökur](#) frá viðburðinum.

Aðgerðir

Samkvæmt starfsáætlun Embættis landlæknis voru sex aðgerðir tilgreindar sérstaklega varðandi heilsueflingu á árunum 2017–2018:

- **Þróu lýðheilsumat**

Unnið var að þróun lýðheilsumats þar sem meðal annars er stuðst við efni frá öðrum Norðurlandþjóðum, Bretlandi og Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Þróun gátlista í tengslum við starf Heilsueflandi samfélags og frekari útfærsla á landsskipulagsstefnu með tilliti til lýðheilsu eru dæmi um starf sem tekið er mið af í þessari vinnu.

- **Leggja fyrir og vinna úr rannsókninni Heilsa og líðan 2018**

Sjá umfjöllun frá Heilbrigðisupplýsingasviði bls. 16.

ÁHRIFAPÆTTIR HEILBRIGÐIS

- **Koma á fót upplýsingaveitu sem inniheldur góð dæmi um heilsueflingu og forvarnir**

Á árinu var unnið frekar að upplýsingaveitu um gott starf fyrir heilsueflingu. Í lok ársins höfðu borist tillögur að sniðmáti, þar sem bæði verður hægt að skrá og leita eftir upplýsingum um árangursríka heilsueflingu. Árið 2019 verður unnið að uppsetningu og opnun vefsvæðisins.

- **Greina lýðheilsuvísa niður á stærstu sveitarfélögin**

Lýðheilsuvísar eru gagnlegir fyrir markvisst lýðheilsustarf í sveitarfélögum. Markvisst er unnið að því að finna leiðir til að greina og birta vísa fyrir fleiri sveitarfélög. Mæla- borð lýðheilsu var þróað áfram, en þar eru birtir sífellt fleiri vísar eftir heilbrigðisumdæmum og fyrir stærstu sveitarfélögin. Sjá lið 4, bls. 22. [Sjá nánar](#) á vef embættisins.

- **Undirbúa landskönnun á mataræði**

Undirbúningur fyrir landskönnun hófst á árinu í samræmi við [viljayfirlýsingu](#) sem undirrituð var í lok árs 2017.



Gerður var samningur við Menntavísindasvið Háskóla Íslands um að uppfæra skammtastærðarhefti fyrir fyrirhugaða könnun og Rannsóknastofu í næringarfræði um að uppfæra uppskriftagagnagrunn. Sömuleiðis var unnið að gerð innsláttarforrits. Reiknað er með að könnunin fari af stað í september 2019.

- **Halda heilsueflandi vinnustofur í heilbrigðisumdæmum og námskeið fyrir starfsfólk heilsugæslu um Heilsuveru**

Í desember var haldin vinnustofa fyrir starfsfólk heilsugæslu og félagsþjónustu. Vinnustofan var haldin í Reykjavík.

- **Ljúka við gátlista fyrir áherslupætti Heilsueflandi samfélags og heilsueflandi skóla og gera aðgengilega á heilsueflandi.is**

Allir gátlistar fyrir heilsueflandi leik- og grunn- og framhaldsskóla eru aðgengilegir á heilsueflandi.is. Unnið er að gátlistum fyrir Heilsueflandi samfélag.

Önnur helstu viðfangsefni ársins 2018

Vöktun áhrifaþátta heilbrigðis

Eins og undanfarin ár hefur Embætti landlæknis vakt að nokkra áhrifaþætti heilbrigðis. Markmiðið er að fylgjast með heilsuhegðun og líðan Íslendinga og þróun tiltekinna áhrifaþátta, s.s. líðan, notkun áfengis og tóbaks, hreyfingu, mataræði, tannheilsu og ofbeldi. Gallup framkvæmdir könnunina fyrir embættið og var hún lög fyrir mánaðarlega árið 2018. Upplýsingar úr könnuninni nýtast til greiningar á stöðu þessara áhrifaþátta í samfélaginu, í stefnumótun og heilsueflandi aðgerðum.

Geðrækt

Með geðræktarstarfi hjá Embætti landlæknis er unnið að góðri geðheilsu og vellíðan landsmanna. Geðræktarþætti heilsueflandi leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er sinnt auk heilsueflandi samfélags. Einnig felst í því þátttaka við mótun svæðisbundinna lýðheilsuvísa, reglubundin vöktun á áhrifaþáttum heilsu og vellíðanar og mat umsókna í Lýðheilsusjóð. Þá hafði verkefnisstjóri geðræktar umsjón með eftirfarandi verkefnum árið 2018:

Stöðugreining og framtíðarsýn í geðheilbrigðismálum barna og unglinga. Skipulögð var stór vinnustofa í tengslum við evrópskt samstarfsverkefni um geðheilsu og vellíðan, *EU Compass for Action on Mental Health and Well-Being*, undir lok árs 2017 í samvinnu við velferðarráðuneytið. Vinnustofan var haldin í formi starfsdags þar sem 40 innlendir sérfræðingar og hagsmunaaðilar komu saman til að greina stöðu og finna lausnir á langvarandi úrlausnarefnum á sviði geðheilbrigðismála barna og unglinga hér á landi. Skýrsla með niðurstöðum vinnunnar kom út í apríl 2018 og hefur nýst vel við áframhaldandi vinnu að málefnum barna innan embættisins og ráðuneyta.

Aðgerðaáætlun um sjálfsvígisforvarnir. Verkefnisstjóri geðræktar leiddi umfangsmikla vinnu starfshóps um sjálfsvígisforvarnir í tengslum við geðheilbrigðisstefnu stjórnvalda til 2020. Hópurinn skilaði tillögum í yfir 50 liðum um aðgerðir til að fækka sjálfsvígum á Íslandi til heilbrigðisráðherra í maí 2018. Aðgerðaáætlunin var samþykkt af ráðherra og verkefnisstjóri ráðinn í kjölfarið til þess að fylgja henni eftir í samvinnu við aðrar stofnanir og fagaðila.

ÁHRIFAPÆTTIR HEILBRIGÐIS

Skýrsla um sjálfsvígshugsanir og tilraunir ungs fólks á Íslandi. Embætti landlæknis gaf út skýrslu í samvinnu við Rannsóknir og greiningu um sjálfsvígshugsanir og sjálfsvígstilraunir ungs fólks á Íslandi. Skýrslan byggði á greiningu gagna úr könnunum Rannsókna og greiningar, Ungt fólk, meðal framhaldsskólanema frá árinu 2000 til 2016.

Fræðsluefni um mikilvægi fyrstu árána. Embætti landlæknis gaf út þrjú myndbönd í samvinnu við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um mikilvægi fyrstu árána í lífi barns. Myndböndin voru þýdd með leyfi frá *Center for the Developing Child* við Harvardháskóla í Bandaríkjunum og eru aðgengileg á fræðsluvefnum heilsuvera.is. Einnig gaf Embætti landlæknis út veggspjöld um þroska og umönnun ungra barna í samvinnu við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og UNICEF sem send voru til allra heilsugæslustöðva landsins.

Fræðslumyndbönd um vellíðan leikskólabarna. Geðrækt tók þátt í vinnu fræðslumyndbanda sem Embætti landlæknis gaf út um vellíðan leikskólabarna. Þessi vinna var liður í aðgerðum undir lýðheilsustefnu stjórnvalda til 2020 og sá verkefnisstjóri geðræktar um myndbönd sem snéru að hegðun og samskiptum og hvíld og svefni.

Fyrstu 1000 dagar barnsins á Norðurlöndum. Verkefnisstjóri geðræktar skipulagði eitt af formennskuverkefnum Íslands í Norrænu ráðherranefndinni sem hefst árið 2019. Um er að ræða þriggja ára norrænt samstarfsverkefni sem felst í stöðugreiningu og mati á aðferðum sem notaðar eru til að efla geðheilsu ungra barna og foreldra þeirra í meðgönguvernd, ung- og smábarnavernd og leikskólum. Lokaafurð verkefnisins verður í formi stefnumótunartillagna til norrænna stjórnvalda um



Frá forvarnardegnum 2018. Mynd UMFI.

hvernig stuðla má að því að öll börn sem fæðast á Norðurlöndum hljóti besta mögulega upphaf í lífinu.

Starfshópur um geðrækt í skólum. Haustið 2018 tók til starfa starfshópur um geðrækt í skólum í tengslum við geðheilbrigðisstefnu stjórnvalda til 2020. Hópnum er falið að fara yfir stöðu geðræktar í íslenskum leik-, grunn- og framhaldsskólum, meta rannsóknargrunn þeirra aðferða sem notaðar eru og setja fram tillögur um innleiðingu geðræktarstarfs á öllum skólastigum. Einnig voru settir á fót samsráðshópar fyrir hvert skólastig sem unnu saman að gerð könnunar sem lögð verður fyrir árið 2019 með það fyrir sjónum að öðlast heildarsýn yfir stöðu geðræktarstarfs á ólíkum skólastigum. Gert er ráð fyrir að hópurinn skili af sér tillögum til ráðherra árið 2019.

Vinir Zippýs. Námskeið í kennslu námsefnisins *Vinir Zippýs* var haldið fyrir leik- og grunnskólakennara haustið 2018.

Skýrsla um félagstengsl ungmenna. Árið 2018 hófst vinna við gerð skýrslu úr gögnum HBSC rannsóknarinnar um félagstengsl íslenskra ungmenna. Markmiðið er að greina stöðu þeirra ungmenna sem eiga erfitt samband við ýmist foreldra sína, vini eða skóla og kanna tengsl við líðan og ýmiskonar áhættuhegðun.

Verkefnisstjóri geðræktar og verkefnisstjóri áfengis- og vímuefnaforvarna stýra þessari vinnu í samstarfi við umsjónarmann HBSC rannsóknarinnar á Íslandi, en gert er ráð fyrir því að skýrslan komi út árið 2019.

Forvarnardagurinn 2018

Forvarnardagurinn var haldinn í nóvember meðal 9. bekkinga í grunnskólum og 1. bekkinga í framhaldsskólum landsins. Á Forvarnardaginn ræða nemendur um þá þætti sem koma í veg fyrir áfengis- og vímuefnaneyslu, þar á meðal má nefna þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi og samveru foreldra og barna.

Þetta var í fyrsta sinn sem Embætti landlæknis stóð að verkefnisstjórn dagsins í samstarfi við Embætti forseta Íslands, Reykjavíkurborg, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Skátana, Ungmennafélag Íslands, Félag framhaldsskóla, Rannsóknir og greiningu og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Ofbeldisforvarnir

Embættið á fulltrúa í ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar og í starfshópi á vegum félagsmálaráðuneytisins um fjölbreyttari úrræði fyrir gerendur í ofbeldismálum.

Embættið hefur útbúið og býður upp á námsefnið [Örugg saman](#) sem er ætlað nemendum í 9. og 10. bekk grunn-

ÁHRIFAPÆTTIR HEILBRIGÐIS

skóla Námsefnið er gagnvirkir kennslufni sem miðar að því að koma í veg fyrir ofbeldi í samböndum ungs fólks.

Áfengis- og vímuvarnir

Umfang notkunar áfengis og annarra vímuefna er vaktað reglulega ásamt öðrum áhrifapáttum heilbrigðis og eru niðurstöður birtar í *Talnabrunni* embættisins.

Á árinu var áfram unnið með fræðslu fyrir almenning á heilsuvera.is þar sem nálgast má upplýsingar um skaðleg áhrif áfengis, meta áfengisvenjur einstaklinga og fá upplýsingar um hvernig hægt er að draga úr eða hætta neyslu áfengis. [Þjónustuvefsjá heilsuvera.is](http://þjónustuvefsjá.heilsuvera.is) leit dagsins ljós, en hún er yfirlitsmynd af þeirri heilbrigðisþjónustu sem er í boði á Íslandi.

Könnun á notkun ólöglegra vímuefna, áfengis og lyfseðilskyldra lyfja meðal fullorðinna Íslendinga var lögð fyrir á árinu í samstarfi við Gallup. Niðurstöður verða birtar árið 2019.

Þá hófst einnig vinna við leiðbeiningar um forvarnir og meðferð gegn óhollum lífnaðarháttum. Leiðbeiningunum er ætlað að styðja stjórnvöld og heilbrigðisstarfsfólk við stefnumótun og við val á aðgerðum sem farið verður í til að hafa áhrif á lífnaðarhætti og efla lýðheilsu. Námskeið um aðstoð við hegðunarbreytingar var haldið fyrir starfsfólk heilsugæslu og félagsþjónustu.

Góður árangur í forvarnastarfi á Íslandi undanfarin ár hefur leitt til þess að fjölmargar fyrirspurnir og beiðnir um kynningu á forvörnum berast embættinu frá erlendum aðilum. Embættið tók á móti fjölda gesta og svaraði fyrirspurnum bæði frá fagfólki og erlendum fjölmiðlum.

Tóbaksvarnir

Embætti landlæknis skipulagði á árinu norrænan fund sem haldinn er árlega um tóbaksvarnir. Fundurinn var vel sóttur af fulltrúum frá öllum Norðurlöndunum. Mörg áhugaverð erindi voru á dagskrá, m.a. erindi frá Noregi um hvernig tóbaksfyrirtæki hafa áhrif á mælingar á magni nikótíns í sígarettum.

Í [Talnabrunni júnímánaðar](#) var fjallað um niðurstöður könnunar sem gerð var á notkun reyklauss tóbaks, rafrettum og reykingum meðal Íslendinga. Framkvæmdar- aðili könnunarinnar var Gallup.

Dagur án tóbaks

Dagur án tóbaks, sem haldinn er árlega 31. maí var helgaður skaðlegum áhrifum tóbaks á hjarta- og æðasjúkdóma í samræmi við áherslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Í tilefni dagsins var birt talnagreining á notkun landsmanna á tóbaki.

Tóbakslaus bekkur

Verkefnið *Tóbakslaus bekkur* er fastur liður í tóbaksvörnum á ári hverju. Þátttaka í verkefninu hefur ávallt verið mjög góð. Skólaárið 2017–2018 var samkeppnin haldin meðal 7., 8. og 9. bekkja í grunnskólum landsins og tóku 240 bekkir víðsvegar um landið þátt. Á skólaárinu þurftu bekkirnir að staðfesta fimm sinnum að þeir væru tóbakslausir og voru þá með í útdrætti um vinninga. Vinningarnir voru húfur, en auk þess fengu allir þátttakendur blýanta og strokleður að gjöf. Til að eiga möguleika á fyrstu verðlaunum þurftu bekkirnir að senda inn áhugavert efni, að eigin vali, tengt tóbaksvörnum. Í verkefnavinnunni leituðu margir þátttakendur út fyrir



Frá setningarathöfn [Hjólað í vinnuna 2018](#). Mynd Reykjavíkurborg.

skólastarfið og stuðluðu þannig að samvinnu, miðlun og öflun þekkingar um skaðsemi tóbaksnotkunar. Tíu bekkir frá níu skólum sem sendu inn lokaverkefni unnu til verðlauna. Verðlaunaupphæðin nam 5.000 kr. fyrir hvern skráðan nemanda í viðkomandi bekk sem þeim var frjálst að ráðstafa að vild.

Hreyfing

Unnið var að áherslupættinum *Hreyfing* í tengslum við starf Heilsueflandi samfélags og Heilsueflandi leiksskóla, Heilsueflandi grunnskóla og Heilsueflandi framhaldsskóla. Meðal annars var lokið við að endurskoða gátlista fyrir hreyfingu í framhaldsskólum, unnið að gátlista um hreyfingu og útveru fyrir Heilsueflandi samfélag og að myndbandi um hreyfingu og útveru fyrir leiksskóla. Unnið var efni um hreyfingu fyrir heilsuvera.is og fyrir vefinn velvirk.is.

ÁHRIFABÆTTIR HEILBRIGÐIS

Unnið var úr gögnum vöktunar áhrifaþátta heilbrigðis 2017 m.t.t. hreyfingar og niðurstöðurnar birtar í *Talnabrunni* í apríl. Lýðheilsuvísar fyrir hreyfingu barna og fullorðinna voru skilgreindir og birtir í júní. Fylgst var með stöðunni á þróun alþjóðlegra ráðlegginga um hreyfingu.

Opinberar ráðleggingar um hreyfingu fyrir Ísland verða uppfærðar þegar endurskoðaðar ráðleggingar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar hafa verið gefnar út 2019/20. Árlegur fundur og ráðstefna *HEPA Europe* var að þessu sinni í London og haldinn samhliða hinni alþjóðlegu ISPAH ráðstefnu. Norrænt net sérfræðinga á sviði hreyfingar á Norðurlöndum hélt fund í tengslum við ráðstefnuna.

Næring

Í byrjun árs 2018 kom út [endurskoðuð Handbók fyrir leikskólaeldhús](#) sem var send öllum leikskólum á landinu. Handbókin var kynnt á [málþingi um Heilsueflandi leikskóla](#) en einnig á stórum fundi leikskólastjóra í Reykjavík. Handbókin var unnin af [faghópi](#) með fulltrúum frá Embætti landlæknis, Reykjavíkurborg, Rannsóknastofu í næringarfræði (HÍ & LSH) og þremur leikskólum. Um svipað leiti kom einnig út endurskoðaður bæklingur með [ráðleggingum um næringu barna fyrir dagforeldra og starfsfólk ungbarna-leikskóla](#).

Um mitt ár komu út endurskoðaðar ráðleggingar um mataræði fyrir barnshafandi konur – [Mataræði á meðgöngu](#). Ráðleggingarnar eru ætlaðar konum sem hyggja á barneignir, barnshafandi konum, og konum með börn á



brjósti. Ráðleggingarnar voru unnar af [faghópi](#) með fulltrúum frá Embætti landlæknis, Matvælastofnun, Þróunarstofu heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Rannsóknastofu í næringarfræði við Háskóla Íslands og Sjúkrahúsínu á Akureyri. Við endurskoðunina var stuðst við Norrænar næringarráðleggingar frá árinu 2012, ýmsar vísindagreinar og einnig efni af vefnum [Næring móður og barns](#). Ráðleggingarnar voru fyrst settar á vefinn til umsagnar og var síðan unnið úr þeim athugasemdum sem bárust.

Embætti landlæknis birti í desember, í samstarfi við Rannsóknastofu í næringarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum (RHLÖ), [nýjar ráðleggingar um mataræði fyrir hrumt eða veikt eldra fólk ætlað fagfólki og öðrum umönnunaraðilum](#).

Ráðleggingunum er ætlað að auðvelda þeim störfum sem útbúa mat fyrir hrumt eða veikt eldra fólk eða sinna umönnun þeirra. Við gerð þessara ráðlegginga var stuðst við ráðleggingar frá *European Society for Clinical Nutrition and Metabolism (ESPEN)*, norrænar næringarráðleggingar og ráðleggingar um mataræði fyrir hruma eða veika frá hinum Norðurlöndunum. Einnig voru birtar upplýsingar um [einkenni vannæringar hjá eldra fólk fyrir aðstandendur](#) og endurútfærnar [Ráðleggingar um mataræði eldra fólks sem er við góða heilsu](#). Ráðleggingar um mataræði fyrir hrumt eða veikt eldra fólk voru unnar af [faghópi](#) með fulltrúum frá Embætti landlæknis, RHLÖ, Landspítala, Næringarstofu, Öldrunarráði Íslands, Sóltúni, Hrafnistu og Reykjavíkurborg. Ráðleggingarnar voru fyrst settar á vefinn til umsagnar og var síðan unnið úr þeim

athugasemdum sem bárust.

Undirbúningur fyrir landskönnun á mataræði hófst á árinu í samræmi við [viljayfirlýsingu](#) sem undirrituð var í lok árs 2017. Sjá nánar bls. 23.

[Facebooksíða fyrir ráðleggingar um mataræði](#) var áfram nýtt til að koma áreiðanlegum upplýsingum um næringu á framfæri við sem flesta.

Lýðheilsusjóður

Í mars 2018 úthlutaði Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra, 96 milljónum króna í styrki úr Lýðheilsusjóði til 169 verkefna og rannsókna. Styrkt voru fjölbreytt verkefni um land allt, ætluð öllum aldurshópum. [Sjá frétt](#) þar sem finna má lista yfir verkefni og styrkþega. Áhersla er lögð á að styrkja aðgerðir sem miða m.a. að því að efla geðheilsu, árangursríkar áfengis-, vímu- og tóbaksvarnir og forvarnir sem tengjast kynheilbrigði. Við mat á umsóknum fyrir árið 2018 var einnig sérstaklega horft til verkefna sem styðja við minnihlutahópa, stuðla að jöfnuði til heilsu og tengjast nýsköpun á sviði forvarna og heilsueflingar.

Ráðherra úthlutaði styrkjunum að fengnum tillögum stjórnar Lýðheilsusjóðs sem mat umsóknir út frá því hvernig þær falla að hlutverki sjóðsins. Áður höfðu fagrað Embættis landlæknis metið allar umsóknir sem bárust. Hlutverk Lýðheilsusjóðs er skilgreint í lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007.

Í september var auglýst eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum fyrir árið 2019.

BROT ÚR FRÉTTUM ÁRSINS 2018

8.01.18 [Endurskoðuð handbók fyrir leikskólaeldhús komin út](#)

Komin er út á vegum Embættis landlæknis endurskoðuð Handbók fyrir leikskólaeldhús sem tekur mið af nýlegum ráðleggingum um mataræði.

10.01.18 [Helstu breytingar í ávisunum ávanabindandi lyfja frá 2016 til 2017 á Íslandi](#)

Embætti landlæknis hefur eftirlit með ávisunum ávanabindandi lyfja. Lyfin eru gagnleg séu þau rétt notuð en geta jafnframt verið varasöm ef þau eru tekin í of stórum skömmtum í of langan tíma eða með öðrum lyfjum eða efnum.

12.01.18 [Kannabis - fræðsluefni og leiðbeiningar fyrir fagfólk](#)

Nýlega komu út hjá Embætti landlæknis leiðbeiningarnar *Samtal um Kannabis*, sem eru ætlaðar fagfólki og notaðar í samtali við ungmenni um neyslu kannabisefna. Á sama tíma kom út bæklingurinn *Kannabis - Leyfðu staðreyndum að hafa áhrif*, sem verður notaður við fræðslu og í samstarfi við ungt fólk.

12.01.18 [Læknaráp og lyfjagagnagrunnur](#)

Megin tilgangur þess að veita læknum aðgang að lyfjagagnagrunni er að auka öryggi lyfjaávisana. Í því felst að læknar hafi yfirsýn yfir þær ávisanir sem sjúklingur hefur verið að leysa út og hvað hann á af óútleystum lyfjum í lyfseðlagátt.

15.01.18 [Leiðbeiningar um varnir gegn óskufalli af völdum eldgosa](#)

Í ljósi þess að almannavarnir hafa lýst yfir óvissustigi vegna hugsanlegs eldgoss í Örfafjökli hafa leiðbeiningar um varnir gegn óskufalli af völdum eldgosa verið uppfærðar.

22.01.18 [Tannverndarvika 29.janúar – 2.febrúar 2018](#)

Embætti landlæknis og Tannlæknafélag Íslands standa fyrir tannverndarviku 29. janúar–2.febrúar 2018 með skilaboðum til landsmanna um að huga betur að tannheilsunni og leggja enn meiri áherslu á góða tannhirðu.

01.02.18 [Tillögur starfshóps um aðgerðir gegn kynsjúkdómum](#)

Starfshópur sem skipaður var af fyrrverandi heilbrigðisráðherra hefur nú skilað tillögum um aðgerðir til að stemma stígu við vaxandi útbreiðslu kynsjúkdóma hér á landi.

01.03.18 [Breytt skipulag rafrænnar sjúkraskrár frá og með 1. mars 2018](#)

Frá og með 1. mars 2018 gengur í gildi nýtt skipulag varðandi verkefni rafrænnar sjúkraskrár hjá Embætti landlæknis. Verkefnið verður fært frá heilbrigðisupplýsingasviði beint undir landlækni. Ennfremur skipar velferðarráðuneytið, að beiðni landlæknis, stýringsnefnd rafrænnar sjúkraskrár samkvæmt tilnefningum frá aðilum í heilbrigðisþjónustu.

27.03.18 [Mælaborð lýðheilsu](#)

Embætti landlæknis hefur tvö síðustu ár birt lýðheilsuvísa eftir heilbrigðisumdæmum en um þessar mundir er unnið að þriðju útgáfu lýðheilsuvísa sem birtir verða í júní á þessu ári. Birting lýðheilsuvísa er liður í því að veita yfirsýn yfir lýðheilsu eftir búsetuvæðum.

28.03.18 [Úthlutun úr Lýðheilsusjóði 2018](#)

Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra, úthlutaði í dag 96 milljónum króna í styrki úr Lýðheilsusjóði til 169 verkefna og rannsókna.

06.04.18 [Alma Dagbjört Möller tekin við embætti landlæknis](#)

Nýr landlæknir, Alma Dagbjört Möller, tók til starfa nú í vikunni. Alma er fyrsta konan til að gegna embættinu í 258 ára sögu þess en fyrsti landlæknirinn var skipaður hér á landi árið 1760.

12.04.18 [Vel heppnað málþing um Heimsmarkmið SP og Heilsueflandi samfélag](#)

Málþingið Hamingja, heilsa og vellíðan með heimsmarkmiðunum var haldið í tilefni alþjóðlega hamingjudagsins þann 20. mars síðastliðinn.



20.04.18 [Skýrsla um stöðugreiningu og framtíðarsýn í geðheilbrigðismálum barna og ungmenna á Íslandi](#)

Embætti landlæknis hefur gefið út skýrslu um niðurstöður íslenskrar vinnustofu um geðheilbrigðismál barna og ungmenna, sem haldin var í tengslum við evrópskt samstarfsverkefni, EU *Compass for Action on Mental Health and Well-Being*.

03.05.18 [Menntaskólinn að Laugarvatni handhafi Gulleplisins 2018](#)

Mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, afhenti í dag Menntaskólanum að Laugarvatni Gulleplið 2018, fyrir framúrskarandi heilsueflingarstarf framhaldsskóla. Sóttvarnalæknir, Þórólfur Guðnason afhenti skólanum smokkasjálfsala að gjöf við sama tilefni. Allir framhaldsskólar landsins, þrjátíu og einn talsins, fá afhentan slíkan sjálfsala á næstu dögum.

04.05.18 [Aðgerðaáætlun til að fækka sjálfsvígum á Íslandi](#)

Starfshópur á vegum Embættis landlæknis sem unnið hefur tillögur að aðgerðaáætlun til að fækka sjálfsvígum á Íslandi hefur skilað niðurstöðum sínum til heilbrigðisráðherra. Í starfshópnum sátu fulltrúar frá Geðhjálpi, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Barna- og unglingageðdeild LSH og geðsviði Landspítala.

07.05.18 [Hefja samstarf um heilsueflingu eldri borgara](#)

Embætti landlæknis og Janus heilsuefling hafa undirritað samstarfssamning vegna Evrópuverkefnisins *JA CHRODIS+*, sem embættið er aðili að. Meginmarkmið verkefnisins er að styðja Evrópulönd í að innleiða árangursríkt starf á sviði heilsueflingar, forvarna og meðferðar á langvinnum sjúkdómum.

23.05.18 [Ráðleggingar sóttvarnalæknis vegna ferða Íslendinga á heimsmeistarakeppni í fótbolta í Rússlandi 2018](#)

Flestir ferðamenn til Rússlands þurfa ekki að fá sérstakar bólusetningar fyrir ferðina. Þó er rétt að huga að eftirfarandi:

25.05.18 [Meðganga og parasetamól](#)

Nýleg rannsókn í Noregi sem náði til tæplega 113 þúsund barna sýnir fram á að börn þeirra mæðra sem notuðu parasetamól á meðgöngu, í lengri tíma (meira en 29 daga), séu líklegri til að greinast með ADHD (1).

30.05.18 [Brautryðjandi í iðkun núvítundar kemur til landsins](#)

Jon Kabat-Zinn, prófessor emeritus í læknisfræði við University of Massachusetts, sem lagði fyrstur manna grunn að iðkun núvítundar í læknisfræði og sálfræði í vestrænum heimi, er væntanlegur til Íslands í dag á vegum Embættis landlæknis og Núvítundarsetursins.

BROT ÚR FRÉTTUM ÁRSINS 2018

05.06.18 [Kynningarfundur um lýðheilsuvísa eftir heilbrigðisumdæmum 2018](#)

Miðvikudaginn 6. júní 2018 kl. 11:00–14:00, stendur Embætti landlæknis fyrir kynningarfundum um lýðheilsuvísa eftir heilbrigðisumdæmum 2018 á Hótel Héraði Egilsstöðum.

25.06.18 [Hevnrarfræðingar löggiltir sem heilbrigðisstétt](#)

Réttur til að kalla sig hevnrarfræðing og starfa sem slíkur hér á landi, er skilgreindur í nýrri reglugerð nr. 630/2018 sem sett var nýverið af Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra.

09.07.18 [Heildstætt mat gert á InterRAI mælitækjum og á færni- og heilsumati](#)

Embætti landlæknis tók ákvörðun um að láta gera heildstætt mat á InterRAI mælitækjum fyrir hjúkrunarheimili og á færni- og heilsumati.

13.07.18 [Persónuverndarstefna Embættis landlæknis](#)

Embætti landlæknis hefur gefið út persónuverndarstefnu, vegna nýrra laga um persónuvernd nr. 90/2018, sem taka gildi á Íslandi þann 15. júlí.

16.07.18 [Athugun gerð á aðgengi að göngudeildarþjónustu vegna taugasjúkdóma](#)

Embætti landlæknis hefur, í ljósi ábendinga sem borist hafa embættinu frá notendum þjónustunnar svo og vegna umræðu í fjölmiðlum, gert athugun á aðgengi að göngudeildarþjónustu vegna taugasjúkdóma.

26.07.18 [Þátttaka í almennum bólusetningum á Íslandi ekki viðunandi](#)

Sóttvarnalæknir hefur gefið út skýrslu um þátttöku í almennum bólusetningum á Íslandi á árinu 2017 sem birt hefur verið á vefsíðu Embættis landlæknis.

07.09.18 [Ný skýrsla um sjálfsvígshugsanir og sjálfsvígstílaunir ungs fólks á Íslandi](#)

Embætti landlæknis hefur gefið út skýrslu um sjálfsskaða, sjálfsvígshugsanir og sjálfsvígstílaunir meðal ungs fólks í framhaldskólum.

12.09.18 [Nýjar leiðbeiningar um viðbrögð við örverumengun í neysluvatni og leiðbeiningar til almennings um suðu neysluvatns](#)

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, Matvælastofnun, sóttvarnalæknir og Umhverfisstofnun hafa gefið út leiðbeiningar um viðbrögð við örverumengun í neysluvatni.

28.09.18 [Skýrsla um sýklalyfjanotkun og algengi sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi hjá mönnum og dýrum 2017](#)

Út er komin árleg skýrsla um sýklalyfjanotkun og algengi sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi hjá mönnum og dýrum á árinu 2017. Skýrslan er samstarfsverkefni sóttvarnalæknis, sýklafræðideildar Landspítala, Matvælastofnunar og Lyfjastofnunar.

09.10.18 [Úttekt Embættis landlæknis á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins](#)

Embætti landlæknis birtir í dag skýrslu um úttekt sem gerð var á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sem lýtur einkum að gæðum starfsemi hennar.

16.10.18 [Heilsa og líðan Íslendinga 2017 - Framkvæmdaskýrsla](#)

Út er komin á vef Embættis landlæknis framkvæmdaskýrsla rannsóknarinnar *Heilsa og líðan Íslendinga 2017*.

19.10.18 [Af heilsu karla og kvenna](#)

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO, hefur vakið athygli á mismun á heilsu og þörfum kynja (e. *gender sensitive health*). Þannig er nú viðurkennt að heilsufarsvandamál karla og kvenna eru að hluta mismunandi og að sértæk nálgun geti bætt heilbrigði.

07.11.18 [Um 33.000 einstaklingar látast árlega á Evrópska efnahagssvæðinu af völdum sýklalyfjaónæmra baktería](#)

Niðurstaða nýrrar rannsóknar á vegum Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins (ECDC) sem birtist í vísindatímaritinu *Lancet* 5.11.2018 leiðir í ljós að árlega deyja um 33.000 einstaklingar af völdum sýklalyfjaónæmra baktería á Evrópska efnahagssvæðinu og er sjúkdómsbyrðin af völdum þessara baktería jafn mikil og sjúkdómsbyrði influensu, berkla og HIV/Alnæmis samanlagt.

23.11.18 [Við gefum líf – afar vel heppnaðir kynningarfundir](#)

Embætti landlæknis efnir til funda með starfsfólki í heilbrigðisþjónustu um allt land í tilefni af breyttum lögum um líffæragjafir.

07.12.18 [Margir sem ofnota svefnlyf á Íslandi](#)

Ofnotkun svefnlyfja er mikið vandamál á Íslandi, bæði eru of margir einstaklingar að nota svefnlyf, þau eru notuð of lengi og oft í of stórum skömmtum. Með langvarandi notkun getur myndast þol fyrir lyfjunum þannig að skammtar stækka.

10.12.18 [Nýjar ráðleggingar um mataræði fyrir hrunt eða veikt eldra fólk](#)

Embætti landlæknis birtir í samstarfi við Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum (RHLÖ) nýjar ráðleggingar um mataræði fyrir hrunt eða veikt eldra fólk ætlað fagfólki og öðrum umönnunaraðilum.



12.12.18 [Fyrsta áætlun um gæðapróun heilbrigðisþjónustunnar staðfest](#)

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra og Alma D. Möller landlæknir, undirrituðu í dag áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu til ársins 2030. Þetta er fyrsta áætlunin þessa efnis sem gerð er á grundvelli laga um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007.

20.12.18 [Álit landlæknis varðandi alvarlega stöðu á bráðamóttöku Landspítalans](#)

Þann 6. desember sl. barst Embætti landlæknis ábending um alvarlega stöðu sem skapast hafði á bráðamóttöku Landspítalans. Embættið brást við með því að hefja samdægurs úttekt á stöðu mála, með heimsóknnum, rýni á gögnum og viðtölum við starfsfólk og stjórnendur.

28.12.18 [Breytt lög um líffæragjafir taka gildi um áramótin](#)

Við verðum öll sjálfkrafa líffæragjafir frá og með nýársdegi 2019 í samræmi við ný lög sem taka þá gildi. Þeir sem kunna að vera andvígir því að gefa líffæri skrái það á Heilsuveru (www.heilsuvera.is) undir Mínar síður.

ALPJÓÐLEGT SAMSTARF

Embætti landlæknis tók þátt í margs konar alþjóðlegu samstarfi árið 2018 eins og verið hefur og hélt uppi samstarfi við alþjóðastofnanir og samtök á Norðurlöndum, í Evrópu og á heimsvísu.

Norrænt samstarf

Samstarf embættisins við Norðurlönd á ýmsum sviðum á sér langa sögu, ekki síst samstarf embættisins við systurstofnanir á Norðurlöndum. Í lok sumars á ári hverju halda norrænir landlæknar fund í einhverju Norðurlandanna og árið 2018 fór fundurinn fram í Hämeenlinna í Finnlandi.

Utanspítalabjónusta á Norðurlöndum

Árið 2014 var skipaður vinnuhópurinn *Nordisk samarbeiðing um standardisering, datainnsamling og benchmarking av prehospitala tjenester*. Embætti landlæknis tók þátt í starfi hópsins, en honum var ætlað að staðla viðmið og safna gögnum svo hægt væri að mæla, meta og bera saman utanspítalabjónustu á Norðurlöndunum. Hópurinn lauk störfum á árinu 2018 og skilaði skýrslu með tillögum um sameiginlega mælikvarða fyrir öll Norðurlöndin og stöðuga gagnasöfnun – sjá [nánar á vef embættisins](#).

Norrænt samstarf á sviði sóttvarna

Sóttvarnalæknir er fulltrúi Íslands í norrænum samstarfs-
hópi (Svalbarðshópi) um viðbúnað við heilsuvá á samt fulltrúa frá Landspítala. Sóttvarnalæknir er einnig fulltrúi Íslands í samnorrænum hópi um aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi (*One Health Strategy Group*). Hópurinn var stofnaður á árinu 2016. Sóttvarnalæknir er enn fremur fulltrúi Íslands í samnorrænum hópi um bóluefni, sjaldgæf mótefni og anti-toxín.

NOMESKO

Heilbrigðisupplýsingasvið tekur þátt í starfi NOMESKO (*Nordisk Medicinalstatistik Komité*) norrænnar nefndar um heilbrigðistölfræði sem vinnur að því að skapa grundvöll fyrir samanburð heilbrigðisupplýsinga milli Norðurlandanna. Stærstur hluti þeirra heilbrigðisupplýsinga sem árlega er sendur til NOMESKO er unninn af starfsfólki á heilbrigðisupplýsingasviði embættisins. Á sviðið tvo fulltrúa í hinni norrænu nefnd, fulltrúa sem gegnir formennsku fyrir Íslands hönd og fulltrúa í ritnefnd. Árið 2017 var tekin ákvörðun um að nútímavæða afrakstur NOMESKO sem fram að þeim tíma hafði einkum verið miðlað í gegnum ritið *Health Statistics in the Nordic Countries*.

Árið 2018 var unnið að undirbúningi á miðlun tölfræðilegra upplýsinga með gagnvirkum hætti á [vefsvæði NOMESKO/NOSOSKO](#). Stefnt er að því að vefsvæðið verði tilbúið síðla árs 2019 og að þær heilbrigðisupplýsingar sem áður var að finna í ársritinu verði þá aðgengilegar.

Norræna ráðherranefndin—eHealth Group

Starfsmaður Miðstöðvar rafrænnar sjúkraskrár er fulltrúi Íslands í þessum stýrihópi um *eHealth* sem er á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar (*Nordic Council of Ministers eHealth Group*, MR-S). Hvert land á einn fulltrúa í stýrihópnum. Tilgangur hópsins er að styðja við norrænt samstarf í upplýsingatækni á heilbrigðissviði. Nefndin hefur starfað frá árinu 2011.

Rannsóknahópur Norrænu ráðherranefndarinnar—NeRN

Um er að ræða undirhóp *Nordic Council of Ministers eHealth Group* sem vinnur að samræmingu á stöðlum til að hægt sé að fá raunhæfan samanburð á stöðu upplýsingatækni á heilbrigðissviði á milli Norðurlandanna til notkunar fyrir stefnumótun stjórnvalda í þeim málum. Starfsmaður Miðstöðvar rafrænnar sjúkraskrár er fulltrúi Íslands í hópnum sem hefur starfað frá árinu 2012.

Norrænt setur um flokkunarkerfi

Starfsmaður Miðstöðvar rafrænnar sjúkraskrár er fulltrúi Íslands í stjórn Norrænu skráningarmiðstöðvarinnar (*Nordisk senter for klassifikationer i helsetjenesten*). Miðstöðin er viðurkennt samstarfssetur WHO á sviði flokkunarkerfa (*Collaborating Centre in Nordic Countries for the WHO Family of International Classifications, WHO-FIC*). Þar er unnið að samhæfingu varðandi skráningu í heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum á grunni alþjóðlegra og norrænna flokkunarkerfa. Á vegum miðstöðvarinnar er virk þátttaka í þróun alþjóðlegra flokkunarkerfa WHO, bæði með stjórnarsetu vegna WHO-FIC og beinni þátttöku í þróun þeirra.

Vinnuhópur Norrænu ráðherranefndarinnar varðandi fjarheilbrigðisþjónustu (VOPD Working Group)

Á árinu 2018 hófst samstarfsverkefni á milli Norðurlandanna á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar (*Nordic Council of Ministers*) um fjarheilbrigðisþjónustu. Starfsmaður Miðstöðvar rafrænnar sjúkraskrár tók þátt í verkefninu sem fólst í að bera kennsl á vel virkandi lausnir sem styðja við fjarheilbrigðisþjónustu og finna leiðir til að ýta undir notkun þeirra.

Samstarf um starfsleyfi löggiltra heilbrigðisstétta

Embætti landlæknis tekur þátt í norrænu samstarfi um starfsleyfi löggiltra heilbrigðisstétta. Byggir það samstarf á samningi landanna um gagnkvæma viðurkenningu á starfsleyfum heilbrigðisstarfsmanna. Tveir fundir eru haldnir á hverju ári. Fulltrúi embættisins sótti báða fundina.

Samstarf um líffæraigræðslu

Scandiatransplant nefnast norræn líffæraigræðslusamtök með aðild Íslands, Noregs, Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands. Fulltrúi embættisins sækir fundi á vegum Scandiatransplant einu sinni á ári. Þátttakendur á fundunum eru stjórnarnefnd *Scandiatransplant* (*Board of Scandiatransplant*) ásamt framkvæmdastjóra og fulltrúum frá stofnunum sem hafa hlutverk lögbærs stjórnvalds í áðurnefndum löndum.

ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Norræna lýðheilsuráðstefnan

Embætti landlæknis á fulltrúa í undirbúningsnefnd fyrir Norrænu lýðheilsuráðstefnuna. Á árinu fundaði hópurinn tvisvar á Íslandi en unnið er að undirbúningi fyrir ráðstefnuna sem haldin verður hér á landi 22.-25. júní 2020.

Norrænt fagråd um geðheilsu og vellíðan

Embættið á fulltrúa í norrænu fagráði um geðheilsu og vellíðan. Ráðið fundaði hér á landi í byrjun árs 2018.

Norrænn vinnuhópur um geðheilsu

Embætti landlæknis á fulltrúa í norrænum vinnuhópi um geðheilsu. Hópurinn fundaði í Stokkhólmi í maí 2018.

Norrænt samstarf um næringu

Fulltrúi embættisins á sæti í vinnuhópnum *Nordisk kost, mat og toxicologi (NKMT)*, sem fundar tvisvar á ári. Árið 2018 voru sóttir tveir fundir, annar í Uppsölum og hinn í Kaupmannahöfn. Norrænt samstarf er um matvælamerkið Skráargatið og voru sóttir þrjú fundir á árinu 2018, einn í Danmörku og tveir í Svíþjóð, en fjölmargir fjarfundir voru haldnir að auki. Þá er starfræktur norrænn samstarfshópur um að minnka saltneyslu en eingöngu voru haldnir fjarfundir á árinu.

Norræna vímuvarnaráðstefnan

Á sviði áfengis- og vímuvarna var sótt Norræna vímuvarnaráðstefnan sem haldin var í Færeyjum að þessu sinni. Áfram var unnið að norrænu samstarfi við rannsóknir á áhrif áfengisneyslu á þriðja aðila.

Norrænt samstarf á sviði hreyfingar

Fulltrúi embættisins er í samráðshópi norrænna sérfræðinga á sviði hreyfingar sem fundar árlega í tengslum við fundi *HEPA Europe*.

Norrænt samstarf á sviði tóbaksvarna

Embætti landlæknis skipulagði á árinu norrænan fund sem haldinn er árlega um tóbaksvarnir. Fundurinn sem haldinn var í Hveragerði, var vel sóttur af fulltrúum frá öllum Norðurlöndunum. Mörg áhugaverð erindi voru á dagskrá m.a. erindi frá Noregi um hvernig tóbaksfyrirtæki hafa áhrif á mælingar á magni nikótíns í sigarettum.

Evrópusamstarf

EPSO

Embætti landlæknis er aðili að EPSO (*European Partnership for Supervisory Organisations in Health Services and Social Care*) sem er óformlegur samstarfsvettvangur eftirlitsstofnana í Evrópu. EPSO heldur fundi tvisvar á ári í einhverju aðildarlandanna. Annað hvert ár er fundurinn haldinn í tengslum við fund norrænna eftirlitsstofnana. Þátttaka embættisins í þessu samstarfi hefur skilað sér í endurbættu verklagi við úttektir.

PaRIS-verkefni

Heilbrigðisráðuneytið ákvað að taka þátt í a.m.k. fyrsta áfanga svokallaðs PaRIS - verkefnis (*Patient - Reported Indicators Survey*) og fól Embætti landlæknis að senda fulltrúa á fyrsta fund vinnuhóps þar að lútandi, sem haldinn var seinni hluta ársins. Verkefnið felur í sér alþjóðlega könnun á útkomu og reynslu sjúklinga með langvinnan heilsufarsvanda (*An International Survey on Outcome and Experiences of Patients with Chronic Conditions*).

Heilbrigðisáætlun EU 2014–2020

Fulltrúi embættisins sótti (*EU Health programme 2014–2020-National focal point meeting*) fyrir styrktaráætlun Evrópusambandsins í heilbrigðismálum.

Sérfræðihópur ESB í heilbrigðisupplýsingamálum

Starfsmaður heilbrigðisupplýsingasviðs er fulltrúi Íslands í

sérfræðihópi um heilbrigðisupplýsingar sem starfræktur er innan stjórnarsviðs heilbrigðis og matvæla hjá Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (*Expert Group on Health Information*). Hópurinn er til ráðgjafar um stefnumótun ESB í heilbrigðisupplýsingamálum, en í honum sitja fulltrúar frá EBS löndunum, EES-löndunum og fulltrúar alþjóðastofnana.

Samstarfs- og samráðsvettvangur landa sem tilheyra Evrópuskrifstofu WHO

European Health Information Initiative (EHII), samstarfs- og samráðsvettvangur landa sem tilheyra Evrópuskrifstofu WHO. Stýrihópurinn var stofnaður árið 2012 og Ísland gerðist aðili að samstarfinu árið 2018. Markmið EHII er að bæta heilsu íbúa Evrópu með því að bæta upplýsingar sem styðja við stefnumörkun. EHII leitast við að ná þessum markmiði með því að styðja samstarf á milli landa á þessu sviði, með því að skipast á sérfræðipækkingu, efla getu og samræma gagnasöfnun. Starf hópsins er leitt af framkvæmdastjóra heilbrigðisupplýsingaskrifstofu WHO í Evrópu (*Division of Information, Evidence, Research and Innovation*). Velferðarráðuneytið tilnefndi sviðsstjóra heilbrigðisupplýsinga sem fulltrúa Íslands í þessu samstarfi.

Samstarfsvettvangur smárikja innan Evrópuskrifstofu WHO

Samstarfsvettvangur smárikja innan Evrópuskrifstofu WHO (*WHO Small Countries Health Information Initiative (SCHIN)*) þar sem íbúafjöldi er undir einni milljón: Andorra, Kýpur, Ísland, Luxemburg, Malta, Monaco, Montenegro og San Marino. Löndin skilgreindu heilbrigðisupplýsingar sem forgangsverkefni og þess vegna er starfandi sérstakur hópur um heilbrigðisupplýsingar innan þessa starfs. Markmið hópsins er að bæta samhæfingu upplýsingamiðlunar til ýmissa stofnana, að þróa og deila aðferðum sem árangursríkastar reynast og styðja hvert annað með ýmsum hætti. Sviðsstjóri heilbrigðisupplýsinga er fulltrúi Íslands í hópnum og tók við formennsku í honum árið 2018.

ALPJÓÐLEGT SAMSTARF

Evrópuverkefni JA CHRODIS og JA CHRODIS+

Embætti landlæknis tekur þátt í Evrópuverkefninu JA CHRODIS+ sem stendur frá september 2017 til ágúst 2020. Meginmarkmið verkefnisins er að styðja Evrópulönd í að innleiða árangursríkt starf á sviði heilsueflingar, forvarna og meðferðar á langvinnum sjúkdómum. Heilbrigðisráðuneytið og Embætti landlæknis eiga fulltrúa í stjórn JA CHRODIS+ og tekur embættið þátt í tveimur vinnuþökkum (WP4 og WP5). Frekari þróun Heilsueflandi samfélags með tilliti til þarfa eldra fólks er einnig liður í samstarfinu. [Nánari upplýsingar](#).

Þróun námsefnis fyrir unglinga, kennara og fjölskyldur

Embætti landlæknis tekur þátt í Evrópuverkefninu *Upright* sem stendur frá janúar 2018 til desember 2021. Meginmarkmið verkefnisins er að þróa námsefni fyrir unglinga sem stuðlar að vellíðan með því að efla seiglu þeirra og getu til að takast á við krefjandi verkefni unglingsáranna. Embættið leiðir vinnuþakka 6; *Dissemination, outreach and policy recommendations*. Stýrihópur verkefnisins hittist á fundi hér á landi í ágúst 2018.

Samstarf um stefnumótun og aðgerðir á sviði geðheilsu

Embætti landlæknis tekur þátt í evrópsku samstarfsverkefni sem hefur það hlutverk að fylgjast með stefnumótun og aðgerðum evrópskra stjórnvalda á sviði geðheilsu, *EU Compass for Action on Mental Health and WellBeing*.

Samstarf um næringu og hreyfingu

Fulltrúi embættisins situr í samstarfshópi á vegum Evrópusambandsins um næringu og hreyfingu *EU high level meeting on nutrition and physical activity*. Fulltrúi embættisins er einnig *Nutrition counterpart* hjá WHO og á sæti í *Scientific Network on Food Consumption Data* á vegum Evrópsku Matvæla-öryggisstofnunarinnar (EFSA).

Samstarf um hreyfingu til heilsuþátta

Embættið er aðili að *HEPA Europe*, evrópsku neti sérfræðinga um hreyfingu til heilsuþátta sem vinnur náið með



Evrópuskrifstofu WHO. Fulltrúi embættisins sækir árlegan fund og ráðstefnu *HEPA Europe* sem að þessu sinni var haldin samhliða hinni alþjóðlegu ISPAH ráðstefnu.

Samstarf um áfengis og vímuvarnir

Fulltrúi embættisins á sviði áfengis- og vímuvarna er tengiliður við *Pompidou* og *Committee on National Alcohol Policy and Action (CNAPA)*.

Tóbaksvarnir

Embætti landlæknis tekur þátt í Evrópuverkefni á sviði tóbaksvarna sem nefnist *Joint Action on Tobacco Control (JACT)*. Í uppfærslu á evrópsku tóbaksvarnarlögum (TPD) eru gerðar mun meiri og ítarlegri kröfur á framleiðendur og söluaðila tóbaksvara að upplýsa um innihald tóbaks. Verkefnið miðar að því að þróa vinnuaðferðir og tækni til að takast á við þessar nýju reglur. Einnig mun það innihalda starfsaðferðir við að ná utan um innihaldsefni ætlaðar rafsígarettum.

Samtök heilsueflandi skóla í Evrópu

Embætti landlæknis er aðili að netverki Samtaka heilsueflandi skóla í Evrópu ([Schools for Health in Europe Network Foundation, SHE](#)). SHE er stýrt af *University College South Denmark* og er starfrækt í samstarfi við WHO. Fulltrúi embættisins sótti árlegan fund SHE í Kaupmannahöfn.

Evrópusamtök um jákvæða sálfræði

Embættið á aðild að Evrópusamtökum um jákvæða sálfræði (*European Network for Positive Psychology*) og er Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, sviðsstjóri á sviði áhrifaþátta heilbrigðis forseti samtakanna.

Samstarf á heimsvísu

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO

Sóttvarnalæknir er lögum samkvæmt landstengiliður við alþjóðaheilbrigðisreglugerðina, sem er skuldbindandi samningur á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO). Hann hefur sem slíkur það hlutverk að taka við aðvörunum frá WHO og sjá til þess að til viðeigandi sóttvarnaráðstafana sé gripið. Þá skal hann einnig koma á leiðis til WHO upplýsingum um atburði sem ógna lýðheilsunni hér á landi er varða alþjóðasamfélagið. Sóttvarnalæknir sat ársfund stofnunarinnar í Genf í maí 2018.

Heilbrigðisupplýsingasvið vinnur og sendir árlega gögn í gagnagrunninn *Health For All Database (HFA-DB)* sem haldinn er hjá Evrópuskrifstofu WHO. Þá eru gögn unnin og þeim miðlað reglulega í heilbrigðisöflfræðigrunn OECD. Sviðið leggur einnig fram gögn til vinnu við þróun gæðavísa á heilbrigðissviði hjá OECD.

Vinnuhópur OECD varðandi val á gæðavísam, söfnun gagna, túlkun þeirra og miðlun

Embætti landlæknis tekur þátt fyrir hönd Íslands í starfi *Working Party on Health Care Quality and Outcomes*, en það er hópur skipaður fulltrúum allra aðildarríkja OECD sem sinnir rýni og ráðgjöf gagnvart stofnuninni varðandi val á gæðavísam, söfnun gagna, túlkun þeirra og miðlun.

Alþjóðlegt fagorðasafn

Miðstöð rafrænnar sjúkraskrá á fulltrúa í stjórn alþjóðlega samtakanna SNOMED-CT International (áður IHTSDO) sem eiga og reka eitt stærsta alþjóðlega fagorðasafn á sviði heilbrigðismála sem er í notkun í dag.

FJÁRHAGUR EMBÆTTIS LANDLÆKNIS 2018

Fjármálin 2018

Embætti landlæknis leggur áherslu á vandaða áætlanagerð og fjármálastjórn. Fjárhagsupplýsingar embættisins og Lýðheilsusjóðs eru gerðar í samræmi við lög um opinber fjármál nr. 123/2015.




Hér hægra megin á síðunni eru birtir ársreikningar Embættis landlæknis fyrir 2018 en fyrir neðan má sjá þróun lykiltalna úr rekstrinum.

Á blaðsíðu 33 eru birtir ársreikningar Lýðheilsusjóðs sem lagði 96 m.kr. til lýðheilsu- og forvarnastarfs embættisins samkvæmt reglugerð um sjóðinn. Samtals 169 verkefni og rannsóknir fengu styrk á árinu.

Embætti landlæknis annast daglega umsýslu og reikningshald Lýðheilsusjóðs.

Embætti landlæknis

Rekstrarreikningur	Árið 2018	Árið 2017	Efnahagsreikningur	Árið 2018	Árið 2017
Tekjur:			Eignir:		
Sértekjur	16.103.873	11.868.516	Fastafjármunir	15.263.479	15.160.716
Markaðar tekjur			Veltufjármunir	271.633.616	211.626.295
Aðrar rekstrartekjur	214.049.646	201.241.607	Eignir alls	286.897.095	226.787.011
Tekjur alls	230.153.519	213.110.123			
Gjöld:			Skuldir og eigið fé:		
Almennur rekstur	1.388.213.766	1.237.723.831	Höfuðstóll	93.819.560	35.377.765
Stofnkostnaður			Hagnaður/-tap ársins		
Gjöld alls	1.388.213.766	1.237.723.831	Eigið fé í árslok	93.819.560	35.377.765
Tekjur umfram gjöld	-1.158.060.247	-1.024.613.708	Langtímaskuldir		
Framlag úr ríkisjóði	1.216.100.000	958.197.264	Skammtímaskuldir	193.077.535	191.409.246
			Skuldir alls	193.077.535	191.409.246
Hagnaður/-tap ársins	58.039.753	-66.416.444	Skuldir og eigið fé alls	286.897.095	226.787.011






FJÁRHAGUR EMBÆTTIS LANDLÆKNIS 2018



Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra, úthlutaði 96 mkr. í styrki úr Lýðheilsusjóði 2018

Lýðheilsusjóður					
Rekstrarreikningur	Árið 2018	Árið 2017	Efnahagsreikningur	Árið 2018	Árið 2017
Tekjur:			Eignir:		
Sértekjur			Fastafjármunir		
Markaðar tekjur			Veltufjármunir	3.476.898	15.216.995
Aðrar rekstrartekjur			Eignir alls	3.476.898	15.216.995
Tekjur alls					
Gjöld:			Skuldir og eigið fé:		
Almennur rekstur	266.921.566	274.100.223	Höfðustóll	3.476.898	15.098.594
Stofnkostnaður			Hagnaður/-tap ársins		
Gjöld alls	266.921.566	274.100.223	Eigið fé í árslok	3.476.898	15.098.594
Tekjur umfram gjöld			Langtímaskuldir		
Framlag úr ríkisjóði	255.300.000	278.800.000	Skammtímaskuldir	0	118.401
			Skuldir alls		118.401
Hagnaður/-tap ársins	-11.621.566	4.699.777	Skuldir og eigið fé alls	3.476.898	15.216.995



ÚTGEFIÐ EFNI ÁRIÐ 2018

Skýrslur

Monitoring food marketing to children: A joint Nordic monitoring protocol for marketing of foods and beverages high in fat, salt and sugar (HFSS) towards children and young people. Höfundar: Steingerður Ólafsdóttir, Annikka Marniemi, Morten C. Andersen, Christina Berg, Hillevi Prell, Elva Gísladóttir, Arnfinn Helleve. Útg. rafrænt í febrúar 2018.

Ársskýrsla Embættis landlæknis 2017. Gefin út rafrænt í apríl 2018. Ábyrgðarmaður: Birgir Jakobsson. Ritstjóri: Hrafnhildur Brynja Stefánsdóttir.

Aðgerðaáætlun til að fækka sjálfsvígum á Íslandi. Starfshópur um sjálfsvígsforvarnir. Útg. rafrænt í apríl 2018.

Farsóttaskýrsla 2017. Tilkyningarskyldir sjúkdómar, farsóttagreining, sögulegar upplýsingar árið 2017. Útg. rafrænt í maí 2018.

Hlutaúttekt. Aðgengi að göngudeildarþjónustu vegna tauga-sjúkdóma. Útg. rafrænt í júní 2018.

Þátttaka í almennum bólusetningum barna á Íslandi 2017 – Uppgjör 2018. Höfundar: Þórólfur Guðnason og Júlíana Héðinsdóttir. Útg. rafrænt af sóttvarnalækni í júlí 2018.

Úttekt. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins. Útg. rafrænt í september 2018.

Sýklalyfjanotkun og sýklalyfjanæmi baktería í mönnum og dýrum á Íslandi 2017. Ritstjóri: Þórunn Rafnar Þorsteinsdóttir. Útg. rafrænt í september 2018.

Sjálfsvíghugsanir og sjálfsvígstilraunir meðal íslenskra ungmenna: Niðurstöður kannana í framhaldsskólum frá 2000 til 2016. Höfundar: Ingibjörg Eva Þórisdóttir lýðheilsufræðingur, Rannsóknun og greiningu, Sigrún Danielsdóttir, verkefnisstjóri geðræktar, Sviði áhrifaþátta heilbrigðis, Embætti landlæknis, Salbjörg Bjarnadóttir verkefnisstjóri, Sviði eftirlits og gæða, Embætti landlæknis. Útg. rafrænt í september 2018.

Hlutaúttekt vegna alvarlegrar stöðu á bráðamóttöku Landspítalans. Útg. rafrænt í desember 2018.

Úttekt. Hjúkrunarheimilið Skógarbær. Útg. rafrænt í desember 2018.

Eftirfylgni úttektar. Æðaskurðeild A4 Landspítala Fossvogi. Útg. rafrænt í desember 2018.

Eftirfylgni hlutaúttektar. Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Útg. rafrænt í desember 2018.

Eftirfylgni hlutaúttektar. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS). Útg. rafrænt í desember 2018.

Handbækur og leiðbeiningar

Sniðmát að viðbragðsáætlunum heilbrigðisstofnana. 2. útgáfa. 2018. Sóttvarnalæknir og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Útg. rafrænt í janúar 2018.

Sóttvarnir alþjóðafflugvalla. Landsáætlun, 3. útg. 2018. Sóttvarnalæknir, Isavia og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Útg. rafrænt í janúar 2018.

Handbók fyrir leikskólalæknis. Endurskoðuð 3. útgáfa. Unnið af [faghópi](#) á vegum Embættis landlæknis. Útg. rafrænt í janúar 2018.

Verklagsreglur um læknisrannsókn á fólki sem flyst til Íslands. Endurútg. rafrænt í júní 2018.

Verklagsreglur sóttvarnalæknis um meðferð og flutning á líkum. Verklagsreglur til skýringar við reglugerð nr 618/2018 um meðferð og flutning á líkum. Útg. rafrænt í júní 2018.

Preparedness an Response Plan for Public Health Risks at International Airports. Issue 3, 2018. (English Abstract). Útg. rafrænt í júlí 2018.

Örverumengað neysluvatn – viðbrögð stjórnvalda og upplýsingar til almennings. Nýjar leiðbeiningar unnar af sóttvarnalækni, Matvælastofnun, Heilbrigðisnefndum sveitarfélaga, umdæmislæknum sóttvarna og Umhverfisstofnun. Útg. rafrænt í september 2018.

Nýjar leiðbeiningar til almennings varðandi suðu á neysluvatni við mengun neysluvatns. Unnið af sóttvarnalækni, Matvælastofnun, Heilbrigðisnefndum sveitarfélaga og Umhverfisstofnun. Útg. rafrænt í september 2018.

Fyrirmæli landlæknis um upplýsingaöryggi við veitingu fjarheilbrigðisþjónustu (fjarheilbrigðiskerfi). Útg. rafrænt desember 2018.

Bæklingar

Mataræði á meðgöngu. Fróðleikur fyrir konur á barneignaldri. Endurskoðuð 4. útgáfa. Unnið af [faghópi](#) með fulltrúum frá Embætti landlæknis, Matvælastofnun, Þróunarstofu heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Rannsóknastofu í næringarfræði og Sjúkrahúsinu á Akureyri. Útg. rafrænt í júlí 2018.

Ráðleggingar um næringu barna fyrir dagforeldra og starfsfólk ungbarnaleikskóla. Endurskoðaðar ráðleggingar, 3. útgáfa. Útg. rafrænt í janúar 2018.

Ráðleggingar um mataræði fyrir hrumt eða veikt eldra fólk ætlað fagfólki og öðrum umönnunaraðilum. Unnið í samstarfi við Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum (RHLÖ). Gefið út rafrænt í desember 2018.

Ráðleggingar um mataræði eldra fólks sem er við góða heilsu. Unnið af faghópi með fulltrúum frá Embætti landlæknis, RHLÖ, Landspítala, Næringarstofu, Öldrunarráði Íslands, Sóltúni, Hrafnistu og Reykjavíkurborg. Útg. rafrænt í desember 2018.

Einkenni vannæringar hjá eldra fólki fyrir aðstandendur. Unnið af faghópi með fulltrúum frá Embætti landlæknis, RHLÖ, Landspítala, Næringarstofu, Öldrunarráði Íslands, Sóltúni, Hrafnistu og Reykjavíkurborg. Útg. rafrænt í desember 2018.

Veggspjöld

Heilsa og vellíðan með heimsmarkmiðunum. Íslensk þýðing á mynd Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) Heilsa og vellíðan með heimsmarkmiðunum. Gefin út í mars 2018.

ÚTGEFIÐ EFNI ÁRIÐ 2018

Ráðleggingar um þroska og umönnun barna. Veggspjald. Samstarf Embættis landlæknis, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Unicef. Nóvember 2018.

Myndbönd

Fræðsluefni um mikilvægi fyrstu árána. Embætti landlæknis gaf út þrjú myndbönd í samvinnu við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um mikilvægi fyrstu árána í lífi barns. Myndböndin voru þýdd með leyfi frá *Center for the Developing Child* við Harvardháskóla í Bandaríkjunum og eru aðgengileg á fræðsluvefnum heilsuvera.is.

Fræðslumyndbönd um vellíðan leikskólalabarna. Gerð voru fjögur myndbönd sem eru liður í aðgerðum undir lýðheilsustefnu stjórnvalda til 2020. Myndböndin fjalla um næringu og matarvenjur, hreyfingu og útiveru, hegðun og samskipti, hvíld og svefn. [Sjá myndbönd.](#)

Fréttabréf

Farsáttafréttir – Fréttabréf sóttvarnalæknis. 11. árgangur. Samtals fjögur tölublöð komu út á árinu 2018. Ábyrgðarmaður: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir. Ritstjóri: Haraldur Briem, sérstakur ráðgjafi.

Talnalabrunnur – Fréttabréf landlæknis um heilbrigðistölfræði. 12. árg., samtals tíu tölublöð komu út á árinu 2018. Ábyrgðarmaður: Sigríður Haraldsdóttir sviðsstjóri. Ritstjóri: Hildur Björk Sigbjörnsdóttir verkefnisstjóri.

EPI-ICE. An electronic newsletter from the Chief Epidemiologist for Iceland. Volume 11. Samtals fjögur tölublöð komu út á árinu 2018. Ábyrgðarmaður: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir. Ritstjóri: Haraldur Briem, sérstakur ráðgjafi

Allar tegundir útgáfu embættisins má nálgast á vef Embættis landlæknis undir valmyndinni [Útgefið efni](#).

Dreifibréf

Dreifibréf nr. 1/2018. *Bólusetning gegn árlegri influensu*. Sent 3. september 2018.

Dreifibréf nr. 2/2018. *Bólusetning heilbrigðisstarfsmanna*. Sent 11. desember 2018.

Töflur með tölulegum upplýsingum

Embætti landlæknis gaf Heilbrigðisskýrslur út á prenti í nærfelt heila öld á tímabilinu 1897–1995, en þær veittu yfirlit yfir heilsufar í landinu í texta og töflum. Undanfarin 20 ár hefur talnaefni um sjúkdóma, heilbrigðisþjónustu og skylda málaflokka nær eingöngu verið gefið út rafrænt á vef Embættis landlæknis. Hægt er að nálgast efnisflokkad yfirlit yfir útgefið talnaefni embættisins á vefsíðunni [Allt talnaefni](#).

Ritrýndar vísindagreinar og skylt efni

Guðnason T. Legal framework of antimicrobial stewardship in hospitals (LEASH): a European Society of Clinical Microbiology and Infectious Diseases (ESCMID) cross-sectional international survey. *Int J Antimicrob Agents*. 2018 Nov;52(5):616-621.

Guðnason T. Streptococcus pneumoniae: Antimicrobial Resistance and Serotypes of Strains Carried by Children and Causing Invasive Disease in the Faroe Islands. *Microb Drug Resist*. 2018 Jun 19. doi: 10.1089/mdr.2018.0100.

Guðnason T. Treatment as Prevention for Hepatitis C (TraP Hep C) - a nationwide elimination programme in Iceland using direct-acting antiviral agents. *J Intern Med*. 2018 May;283(5):500-507.

Sigmundsdóttir G. HIV in Europe and Central Asia: progress in 2018 towards meeting the UNAIDS 90-90-90 targets. *Euro Surveill*. 2018 Nov;23(48).

Sigmundsdóttir G. Modelling the elimination of hepatitis C as a public health threat in Iceland: A goal attainable by 2020. *J Hepatol*. 2018 May;68(5):932-939

Sigmundsdóttir G. Retrospective validation of whole genome sequencing-enhanced surveillance of listeriosis in Europe, 2010 to 2015. *Euro Surveill*. 2018 Aug;23(33)

Sigmundsdóttir G. Potential adjustment methodology for missing data and reporting delay in the HIV Surveillance System, European Union/European Economic Area, 2015. *Euro Surveill*. 2018 Jun;23(23).

Sigmundsdóttir G. Public health surveillance of multidrug-resistant clones of *Neisseria gonorrhoeae* in Europe: a genomic survey. *Lancet Infect Dis*. 2018 Jul;18(7):758-768.

Sigmundsdóttir G. Dominant influenza A(H3N2) and B/Yamagata virus circulation in EU/EEA, 2016/17 and 2017/18 seasons, respectively. *Euro Surveill*. 2018 Mar;23(13)

Ormarsdóttir S, Möller PH, Óskarsdóttir AR, Hannesson P, Löve A, Briem H. Evrópufaraldur lifrabólgu A á Íslandi árið 2017. Algengar breytingar í gallblöðru á myndgreiningu. *Læknablaðið* 2018; 104: 283-7.

Briem H. Meðgöngutíma lifrabólgu A fyrst lýst á Íslandi. *Læknablaðið* 2018;104: 317.

Briem H. Spanska sjukan 1918. Island och omvärlden. *Nordisk Tidskrift*, 2018;4:375-382.

Nøhr, C., Koch, S., Vimarlund, V., Gilstad, H., Faxvaag, A., Hardardóttir, G. A., Andreassen, H. K., Kangas, M., Reponen, J., Bertelsen, P., Villumsen, S. & Hyppönen, H., Monitoring and Benchmarking eHealth in the Nordic Countries, *Studies in Health Technology and Informatics*, 2018, 247: 86-90.

Koushede, V., Lasgaard, M., Hinrichsen, C., Meilstrup, C., Nielsen, L., Rayce, S. B., Torres-Sahli, M., Gudmundsdóttir, D. G., Stewart-Brown, S. & Santini, Z. I. (2019). Measuring mental well-being in Denmark: Validation of the original and short version of the Warwick-Edinburgh mental well-being scale (WEMWBS and SWEMWBS) and cross-cultural comparison across four European settings. *Psychiatry research*, 271, 502-509.

Eiriksdóttir, V. H., Sigbjörnsdóttir, H. B., Jonsson, R. M., Gudlaugsson, J. O., Ingudóttir, J., Gunnarsdóttir, G., Guðmundsdóttir, D.G., Héðinsdóttir, J. & Haraldsdóttir, S. (2018). Translating knowledge into action in health promoting communities in Iceland. *European Journal of Public Health*, 28(suppl_4), cky214-200.